GUÐRÚN LOVÍSA ÓLAFSDÓTTIR

Útbýr sykursæta skyrmarengsköku

• matur • helgin

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

HILDUR BJÖRNSDÓTTIR

Ætlaði að verða forsætisráðherra

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

rekkjan
HEILSURÚM
Sjá bls. 7

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. september 2009 — 221. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Vill ekki verða fullorðinn

Bjarni Lárus Hall í Jeff Who? fagnar þrítugsafmælinu í kvöld.

TÍMAMÓT 18

Ódáðahraun til Danmerkur

Dönum líkar vel við bækur Stefáns Mána.

FÓLK 34

Tilraunir

„Kannske reyna þeir að hugga sig eilítið við að örlög Íslendinga geti orðið öðrum víti til varnaðar,“ skrifar Einar Már Jónsson.

Í DAG 16

Um landið á risasnekkju

Bandarísk ferðaskrifstofa býður næsta sumar upp á lúxusferð til Íslands á 400 manna risasnekkju.

FÓLK 34

VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING EÐA SKÚRIR Í dag verða sunnan 5-10 m/s vestan til, annars hægari. Rigning eða skúrir en úrkomulítið norðanlands. Hiti 8-13 stig.

VEÐUR 4

Vilja ábyrgð lengda um allt að sextán ár

Bretar og Hollendingar sætta sig ekki við óbreytta fyrirvara Íslendinga vegna Icesave. Hugmyndir þeirra um málsmeðferð hafa borist stjórnvöldum, en eru sagðar óformlegar. Breyting sem krafist er gæti kostað Íslendinga milljarðatugi.

EFNAHAGSMÁL Bretar og Hollendingar hafna fyrirvara um að ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna gildi ekki nema til ársins 2024 óháð því hvað þá stendur eftir af skuldinni. Heimildir Fréttablaðsins herma að þjóðirnar geri kröfu um að ákvæðinu verði breytt þannig að ríkisábyrgðin gildi til ársins 2030, og jafnvel sé þá mögulegt að framlengja hana um allt að tíu ár.

Samkvæmt heimildum blaðsins er þessi krafa Breta og Hollendinga túlkuð innan stjórnkerfisins sem ótvírætt merki um að þjóðirnar vilji að Ísland greiði hverja krónu sem Icesave-málið kemur til með að kosta. Einnig að Bretar og Hollendingar vilji halda óbreyttum vöxtum á þeim eftirstöðvum lánsins sem kunna að standa eftir árið 2024, en þær gætu numið gríðarlegum fjárhæðum.

Eins og þekkt er hafa Íslendingar gengist undir að greiða 5,55 prósent vexti af láni Breta og Hollendinga og það sem stendur eftir af því eftir sjö ár. Greiðsluna skal inna af hendi á árunum 2016 til 2024. Alls er óvíst hversu há þessi upphæð verður enda er það háð verðbólgu, gengi krónunnar og ekki síst hversu mikið fæst fyrir eignir Landsbankans og gengur upp í höfuðstól skuldarinnar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra vildu lítið sem ekkert segja fjölmiðlum í gær. Þjóðirnar hefðu farið fram á að upplýsingarnar yrðu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Kom þó fram í máli þeirra að hugmyndirnar feli ekki í sér „afslátt“ af fyrirvörum Íslands.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins sendi frá sér ályktun í gærkvöldi. Þar segir að höfnun Breta og Hollendinga á fyrirvörum Alþingis feli í sér að ríkisábyrgð vegna Icesave taki ekki gildi. Eins að ríkisstjórnin hafi ekki heimild til að víkja frá þeim skýru fyrirvörum sem gildandi lög kveða á um.

- shá

Rannsóknarnefnd Alþingis:

Álagspróf FME til rannsóknar

EFNAHAGSMÁL Rannsóknarnefnd Alþingis mun í næstu viku funda með danska ríkisendurskoðandanum um skýrslu sem lögð verður til grundvallar fyrir málsókn gegn stjórnendum danska Fjármálaeftirlitsins vegna falls Hróarskeldubankans.

PÁLL HREINSSON

Svipuð skýrsla hefur verið unnin um íslenska Fjármálaeftirlitið. Rannsóknarnefndin er meðal annars að skoða umdeilt heilbrigðisvottorð sem íslenska Fjármálaeftirlitið veitti bönkunum rétt fyrir hrun.

„Við gerðum sambærilega rannsókn á fjármálaeftirlitinu íslenska og erum að fara að bera saman niðurstöður okkar og greiningar,“ segir Páll Hreinsson, formaður rannsóknarnefndar Alþingis.

- kh / sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SPENNTAR FYRIR LEIKNUM Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu vann góðan sigur á Eistlendingum í gær. Stelpurnar okkar hafa að undanförnu stutt við bakið á Mænuskaðastofnun Íslands. Fyrir leikinn voru sjö fatlaðar stúlkur í hjólastólum fengnar í hlutverk fánabera. Stúlkurnar stóðu sig einstaklega vel og segja má að þær hafi lagt grunninn að því sem varð hjá landsliðinu.

Ísland vann Eistland 12-0:

Stelpurnar okkar slógu markametið

FÓTBOLTI Alls skoruðu sjö leikmenn íslenska landsliðsins í knattspyrnu þegar liðið gjörsigraði máttlítið lið Eistlands í undankeppni HM 2011. Leikurinn endaði 12-0.

Þær Margrét Lára Viðarsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir skoruðu hvor þrennu og Katrín Jónsdóttir fyrirliði skoraði tvö mörk.

Íslenska landsliðið bætti þar með markamet sitt en það var sett árið 2003 þegar liðið vann 10-0 sigur á Póllandi.

Þetta var fyrsti leikur Íslands eftir lokakeppni Evrópumeistaramóts kvenna sem lauk í Finnlandi fyrr í þessum mánuði.

- esá / sjá síðu 30

Fjárhagsleg heilsa
Dagur fjármálalæsis
18. september
Kynntu þér dagskrána á fé.is
Fjármál eru ekki feimnismál.
Byr sparisjóður er aðalsamstarfsaðili Stofnunar um fjármálalæsi við Háskólann í Reykjavík.
STOFNUN UM FJÁRMÁLALÆSI VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK
BYR SPARISJÓÐUR

Dómsmálaráðherra vinnur að því að auðvelda nauðasamninga fyrirtækja:

Bankasýslan tekur til starfa

EFNAHAGSMÁL Innan fjármálaráðuneytisins leggja menn nú lokahönd á skipan stjórnar Bankasýslu ríkisins og mun hún taka til starfa í næstu viku. Bankasýslunni er ætlað að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Þá er einnig hugað að stofnun opinbers hlutafélags, svokallaðs eignaumsýslufélags, en heimild er fyrir því að fella það undir bankasýsluna.

Fjármálaráðherra hefur kynnt viðskiptanefnd hverja hann hyggst skipa í stjórnina; þau Þorstein Þorsteinsson rekstrarhagfræðing, Sonju Maríu Hreiðarsdóttur lögfræðing og Sigríði B. Stefánsdóttur hagfræðing. Til vara er Guðrún Johnsen lögfræðingur.

Fjármálaeftirlitið hefur staðfest að ekkert þeirra sæti rannsókn og þau uppfylli öll hæfnisskilyrði. Viðskiptanefnd fundar um málið eftir helgi og komi engar athugasemdir má reikna með að Bankasýslan taki strax til starfa.

Dómsmálaráðherra vinnur nú að breytingum á löggjöf um gjaldþrot í því skyni að auðvelda nauðasamninga. Með því á að koma í veg fyrir að fyrirtæki verði gjaldþrota.

- kóp / Sjá síðu 12

SPURNING DAGSINS

Magnús, er mikil gerjun í þessum geira?

„Já, já, þetta gerjast allt mjög vel.“

Víngerð hefur tekið kipp á Íslandi í kreppunni. Magnús Axelsson er einn eigenda víngerðarverslunarinnar Ámunnar.

Gísli Marteinn Baldursson í viðtali við helgarútgáfu Fréttablaðsins:

Flugvöllurinn í Vatnsmýri dýr

SAMGÖNGUR „Það kostar okkur fjóra milljarða króna á ári að reisa fimmtán þúsund manna byggð austast í borginni frekar en í Vatnsmýri,“ segir Gísli Marteinn Baldursson í ítarlegu viðtali sem birtist í helgarútgáfu Fréttablaðsins.

Tíminn sem borgarbúar verja í bílum sínum ásamt bensínkostnaði er metinn á þrjá milljarða króna á ári og við það bætist rekstur flugvallarins sem kostar hátt í milljarð á ári. „Samt er þetta tabú í umræðunni um sparnað og að gera borgina hagkvæmari,“ segir Gísli Marteinn.

Gísli Marteinn segist vilja draga línu austan við þau góðu hverfi sem fyrir eru austast í borginni, Grafarvog, Grafarholt og Úlfarsfell. „Þetta eru flott og góð hverfi, við ætlum að standa vörð um þau en ekki eyðileggja þau með því að setja tugi þúsunda manna austan við þau og gera þau með því að gegnumakstursþverfum.“

Í viðtalinu ræðir Gísli einnig um hugmyndir sínar um þróun borga og þróun þeirra og umhverfis- og samgöngumál. - ss

GÍSLI MARTEINN BALDURSSON Hann segir það kosta fjóra milljarða á ári að reisa fimmtán þúsund manna byggð austast í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hlutabréf kosta of lítið:

Nasdaq varar deCODE við

VIÐSKIPTI Lokaverð á hverjum hlut í deCODE í kauphöllinni hefur verið undir einum dollara síðustu þrjátíu daga. Vegna þessa hefur deCODE nú fengið viðvörun frá Nasdaq fyrir að uppfylla ekki skilyrði um lágmarksverð.

Í tilkynningu frá deCODE segir að samkvæmt reglum Nasdaq hafi fyrirtækið 180 daga til að ná settu lágmarki. Það þýðir að fyrir 15. mars á næsta ári, þarf verð á hlut í dagslok að hafa farið yfir einn dal tíu daga í röð.

Í tilkynningunni segir jafnframt að þetta komi ekki til með að hafa nokkur áhrif á skráningu hlutabréfa í deCODE. - sh

Ástralskur níðingur tekinn:

Misnotaði dóttur sína í 30 ár

ÁSTRALÍA Ástralar eru slegnir yfir máli föður í Viktoríu-fylki sem hélt dóttur sinni fanginni frá ellefu ára aldri og misnotaði hana kynferðislega nánast daglega í 30 ár. Nágrannar feðginanna kváðust hafa haft grunsemdir en ekki viljað valda vandræðum.

Móðir stúlkunnar bjó allan tímann á heimilinu en heldur því fram að hana hafi aldrei grunað neitt. Stúlkan ól föður sínum fjögur börn á tímabilinu og komst upp um málið þegar hún vildi aldrei gefa upp nafn föður þeirra á fæðingardeildinni.

Margir hafa krafist þess að félagsmálaráðherra Ástralíu segi af sér vegna málsins.

Utanríkisráðherra Spánar:

Ræddi áherslur í forsæti ESB

UTANRÍKISMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra fundaði í gærkvöldi með Miguel Angel Moratinos, utanríkisráðherra Spánar. Fundurinn fór fram í Stjórnarráðinu.

Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu segir að ráðherrarnir hafi rætt tvíhliða samskipti Íslands og Spánar, sem eiga sér langa sögu, og þörfina á frekari samræðu á milli stjórnvalda í löndunum, meðal annars um hagsmuni í sjávarútvegsmálum.

Þá var einnig rætt um væntanlegar áherslur Spánverja í forsæti Evrópusambandsins, sem þeir taka við um næstu áramót. - sh

LÖGREGLUMÁL

Tóku kannabis á Kjalarnesi

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í húsi á Kjalarnesi um miðjan dag í fyrradag. Við húsleit fundust um fimmtíu kannabisplöntur.

Beint Portúgalsflug varð að 20 tíma kvöl

Fjölskylda sem keypti beint flug frá Akureyri til Portúgals endaði á að fljúga um Keflavík og millilenda í Berlín að auki. Fullmikið fyrir okkur, segir faðirinn sem er kvíðasjúklingur, kona hans gigtveik og sonurinn einhverfur táningur.

NEYTENDUR „Þetta var eiginlega fullmikið fyrir okkur,“ segir Skarphéðinn Sigtryggsson sem keypti Portúgalsferð fyrir fjölskylduna með beinu flugi frá Akureyri en þurfti samt að fljúga um Keflavík og millilenda í Berlín á heimleiðinni.

„Ég er sjálfur kvíðasjúklingur, konan er öryrki og með mikla slitgigt í hnjám og drengurinn er einhverfur og flogaveikur svo okkur leist mjög vel á að geta farið í beinu flugi héðan frá Akureyri. Við keyptum ferðina með góðum fyrirvara en um það bil tveimur vikum fyrir brottför heyrðum við það af tilviljun úti í bæ að hætt hefði verið að fljúga frá Akureyri og farið væri frá Keflavík í staðinn,“ segir Skarphéðinn sem, ásamt eiginkonu sinni og sextán ára syni, keypti tveggja vikna ferð með Úrvali-Útsýn til Portúgal í beinu flugi frá Akureyri í sumar.

Vegna fyrrgreindra aðstæðna fjölskyldunnar var úr vöndu að ráða. „Við hefðum sennilega hætt við ferðina en dóttir okkar, sem býr í Danmörku, var búin að borga ferð til þess að hitta okkur í Portúgal þannig að við létum okkur hafa það og keyrðum til Keflavíkur,“ lýsir Skarphéðinn sem tekur fram að Úrval-Útsýn hafi þó boðist til að greiða flug fyrir fjölskylduna til og frá Akureyri.

Að sögn Skarphéðins var dvölin í Portúgal ánægjuleg. En þar ytra bárust næstu ótíðindi. „Þá fréttum við það niðri á Íslendingabar að það yrði ekki beint flug frá Portúgal til Íslands. Dvölin var svo lengd um eina nótt og millilent í Berlín þar sem var sjö tíma bið,“ segir Skarphéðinn sem kveður ferðalagið frá því hótelið var yfirgefið í Portúgal og þar til komið var til Íslands hafa tekið um tuttugu klukkutíma.

FJÖLSKYLDA Í FRÍI Allt lék í lyndi hjá Skarphéðni Sigtryggssyni og fjölskyldu úti í Portúgal en ferðirnar til og frá landinu voru mun erfiðari en þau ætluðu.

MYND/ÚR EINKASAFNI

„Við vorum komin á hótel í Reykjavík um miðja nótt og orðin sár enda var þetta alls ekki ferðin sem við keyptum,“ segir Skarphéðinn sem skrifaði Úrvali-Útsýn bréf eftir heimkomuna.

„Ég tíundaði það í bréfinu að fólk er misjafnlega í stakk búið til að takast á við svona ferðalög. Inni í þessu er líka einn dagur í vinnutap fyrir utan að láta fara svona með sig. Ég setti ekki fram ákveðnar kröfur en fyndist það ekki mikið þótt við fengjum helmings afslátt af ferðinni. En allt sem ég fékk var mjög stuttaralegt bréf um að þeir myndu borga fyrir okkur matinn í Berlín ef við framvísuðum reikningi,“ segir Skarphéðinn óánægður.

Tinna Guðmundsdóttir hjá Úrvali-Útsýn segir ferðaskrifstofuna hafa verið í rétti til að gera óhjákvæmilegar breytingarnar á fluginu. Allir hafi átt þess kost að hætta við ferðina.

„Ferðaskrifstofan spyr ekki um heilsufar fólks og við þekkjum ekki aðstæður allra okkar farþega,“ segir Tinna sem kveður ekki ætlunina að bæta fjölskyldunni frekar upp óþægindin. „Við bendum fólki á að leita til Neytendasamtakanna ef það er ósátt við okkar niðurstöðu.“

gar@frettabladid.is

VINSÆL SÍÐA Notendum Facebook fjölgaði um 100 milljónir á hálfu ári.

300 milljónir nota Facebook:

Skilar hagnaði í fyrsta sinn

BANDARÍKIN Nettengslasíðan Facebook hefur nú skilað hagnaði í fyrsta sinn síðan til hennar var stofnað árið 2004.

Mark Zuckerberg, hugmyndasmiðurinn að baki síðunni, fagnar því jafnframt að um þessar mundir eru notendur síðunnar um gervallan heim orðnir 300 milljónir. Notendurnir voru um 200 milljónir í mars og þykir einstakur árangur að notendum hafi fjölgað um 100 milljónir á hálfu ári.

Meintur svikahrappur:

Umdeildur á Grundarfirði

FÓLK Sveinn Friðfinnsson, sem grunaður er um að hafa haft milljarða af sænskum sparifjáreigendum með pýramídasvindli, er umdeildur maður í heimabæ sínum Grundarfirði.

Einn Grundfirðingur sem Fréttablaðið ræddi við í gær sagði marga á staðnum hafa brennt sig á því að eiga í viðskiptum við Svein. Hann vorkenndi í raun engum sem væri svo vitlaus að láta Svein svindla á sér, svo vont orð færi af honum.

Annar taldi málið uppblásið, Sveinn væri ekki alslæmur þótt einhverjum væri í nöp við hann vegna þess að hann hefði ekki staðið við gerða samninga.

Lögreglan í Svíþjóð rannsakar nú meint svik Sveins, en hann er þó ekki eftirlýstur. Ekki hefur náðst í Svein síðustu daga. - sh

Samræmd vísitala neysluverðs hækkaði um 16 prósent á Íslandi milli ára:

Langmest verðbólga á Íslandi

EFNAHAGSMÁL Samræmd vísitala neysluverðs, eins og Eurostat, tölfræðistofnun Evrópusambandsins reiknar hana, hefur hækkað um sextán prósent á milli ára hérlendis. Ísland sker sig verulega úr þeim hópi ríkja sem Eurostat kannar. Næst á eftir Íslandi kemur Ungverjaland með fimm prósenta verðbólgu.

Lægst er verðbólgan á Írlandi, en þar er raunar 2,4 prósenta verðhjöðnun.

Í Hagsjá Landsbankans segir að munurinn á samræmdri vísitölu Eurostat og vísitölu neysluverðs eins og Hagstofa Íslands birtir, sé sá að Eurostat taki ekki tillit til útgjalda vegna eigin húsnæðis, en taki hins vegar tillit til útgjalda ferðamanna. Í nýjustu skýrslu sinni mæli OECD með því að verðbólgumarkmið Seðlabankans miði við samræmdu vísitöluna. - sh



lagersala
í Skútuvogi!

TAKMARKAÐ MAGN

SAMSETT SÝNINGA GARÐHÚS
INNIHURÐIR
PARKET
FLÍSAR
HORNBAÐKÖR
BLÖNDUNARTÆKI
SKÁPAHÖLDUR
ÝMSAR MÚR- OG MÁLNINGARVÖRUR ÁSAMT VERKFÆRUM

OG MARGT FLEIRA

ÓTRÚLEGT VERÐ!

Í GARÐSKÁLA
BLÓMAVALS Í SKÚTUVOGI

OPIÐ KL: 11:00 - 18:00

Við berjum niður verðið!

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ 17.09.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,28	123,86
Sterlingspund	203,94	204,94
Evra	181,54	182,56
Dönsk króna	24,393	24,535
Norsk króna	21,097	21,221
Sænsk króna	17,969	18,075
Japanskt jen	1,3551	1,3631
SDR	195,63	196,79

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
234,4298

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Endurskoðun á varnaráætlun Bandaríkjanna hefur áhrif:

Hætta við flugskeytavarnir

BANDARÍKIN Barack Obama Bandaríkjaforseti tilkynnti í gær að hætt hefði verið við áform um flugskeytavarnir í Póllandi og Tékklandi. Obama segir ákvörðunina tekna eftir endurskoðun á varnaráætlun landsins og vegna hættunnar sem stafar af Írönum.

Samkvæmt samningi sem undirritaður var í ágúst í fyrra stóð til að flugskeytavarnirnar yrðu tilbúnar árið 2012. Í sjónvarpsávarpi í gær sagði Obama að áætluninni hefði verið breytt til að geta varist betur hættunni sem steðjar að Bandaríkjunum. Samkvæmt forsetanum stafar meiri hætta af skamm- og meðaldrægum flugskeytum sem Íranir gætu miðað að Evrópu, en minni hætta af langdrægum flugskeytum en talið hafði verið. Nýja áætlunin tryggir „betri, klókari og fljótari“ vörn fyrir Bandaríkin og bandamenn þeirra, að sögn Obama.

HVÍTA HÚSIÐ Obama tilkynnti um ákvörðunina í sjónvarpsávarpi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

George W. Bush, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, var eindreginn stuðningsmaður þess varnarkerfis sem tekið var til endurskoðunar að skipun Obama. Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, fullyrti í gær að ekki væri ætlunin að hætta við flugskeytavarnir í Evrópu. Viðræður stæðu yfir þess efnis að senda skip með Aegis-varnarkerfi til varnar evrópskum bandamönnum. Varnarkerfi á landi yrði síðan komið upp í kringum árið 2015. - kg

Tvítugur piltur í fangelsi:

Barði tvo og réðst á lögreglu

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir tvær líkamsárásir, brot gegn valdstjórninni og eignaspjöll. Hann greiðir nær 170 þúsund krónur í skaðabætur.

Maðurinn réðst á mann og skallaði hann í andlitið. Sömu nóttina réðst hann á annan mann með barsmíðum sem leiddu til þess að framtönn fórnarlambsins brotnaði. Þegar lögregla hafði afskipti af árásarmanninum kýldi hann lögreglumann í andlitið. Þurfti að beita piparúða til að yfirbuga hann. Hann var síðan færður í fangageymslur. - jss

Svik úr Tryggingastofnun:

Tveir svikarar settir á skilorð

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest dóm yfir þremenningum sem stóðu, ásamt öðrum, að stórfelldum svikum úr Tryggingastofnun ríkisins á tímabilinu frá 2002 til 2006. Fólkið, tveir karlar og kona, gerðist sekt um hylmingu með því að taka við fé sem höfuðpaurinn í málinu, Rannveig Rafnsdóttir, 45 ára, sem starfaði hjá stofnuninni, stakk undan.

Einum er sem fyrr gerð tólf mánaða refsing, þar af eru níu mánuðir skilorðsbundnir. Sex mánaða dómur hins er nú skilorðsbundinn til hálfs, og sex mánaða dómur stúlkunnar skilorðsbundinn að fullu. Alls voru þrettán upphaflega dæmdir sekir fyrir aðild að málinu. - sh

Sænska sjónvarpið:

Geir Haarde í spjallþætti

FÓLK Geir Haarde verður gestur í spjallþættinum Skavlan á sænsku sjónvarpsstöðinni SVT 1 í kvöld klukkan 19.00 að íslenskum tíma.

GEIR HAARDE

Þáttur stjórnandans Fredrik Skavlan er einn vinsælasti spjallþáttur Skandinavíu. Í þættinum mun Geir tjá sig um efnahagshrunið og pólitísk og persónuleg áföll sem leiddu til þess að hann steig úr stóli forsætisráðherra.

Meðal annarra gesta í þættinum eru Eurovision-stjarnan Alexander Rybak,leikkonan Liv Ullmann og fleiri.

SVT 1 er að finna í stóra pakka fjölvarps Stöðvar 2. - kg

Skoða málsókn gegn fjármálaeftirlitinu

Ríkisendurskoðandinn í Danmörku mun kynna rannsóknarnefnd Alþingis skýrslu sem liggur til grundvallar málsókn gegn hinu danska FME. Sambærileg rannsókn á íslenska FME hefur farið fram. Álagspróf bankanna einnig í skoðun.

EFNAHAGSMÁL Danski ríkisendurskoðandinn kemur hingað til lands í næstu viku til að kynna rannsóknarnefnd Alþingis skýrslu sem verður notuð sem grunnur að málsókn gegn stjórn danska fjármálaeftirlitsins. Stjórn þess er sökuð um að hafa ekki haft nægilegt eftirlit með Hróarskeldubanka sem varð gjaldþrota í fyrrasumar.

Meðal hlutverka rannsóknarnefndar Alþingis er að leggja mat á hvernig staðið hefur verið að eftirliti með fjármálastarfsemi hér á landi á síðustu árum.

„Við gerðum sambærilega rannsókn á fjármálaeftirlitinu íslenska og erum að fara að bera saman niðurstöður okkar og greiningar,“ segir Páll Hreinsson, formaður rannsóknarnefndar Alþingis.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er rannsóknarnefndin meðal annars að skoða niðurstöðuna úr álagsprófum íslenska Fjármálaeftirlitsins frá því um miðjan ágúst í fyrra, hálfum öðrum mánuði fyrir hrunið. Samkvæmt prófinu var staða íslensku viðskiptabankanna sterk og þeir gátu staðið af sér töluverð áföll. Prófið miðaðist við stöðu bankanna í lok júní.

Samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðandans í Danmörku gekk fjármálaeftirlitið þar í landi ekki nægilega hart fram í að fylgja eftir athugasemdum sem það hafði gert við starfsemi Roskilde Bank.

Sem dæmi hafi eftirlitið krafist þess að bankinn uppfyllti ákveðnar skyldur um hlutfall eigin fjár vegna lánaáhættu árið 2006. Eftirlitið hafi síðan samþykkt skoðun á bankanum þótt hann hafi ekki náð að uppfylla þær kröfur sem gerðar voru til hans. Slíkt hafi endurtekið sig árið 2007.

Samkvæmt skýrslunni hefði verið hægt að spara skattgreiðendum milljarða danskra króna hefði bankanum verið lokað fyrr.

Þá er einnig gagnrýnt í skýrslunni að Fjármálaeftirlitið hafi rúmlega fjörutíu sinnum gert formlegar athugasemdir við starfsemi bankann án þess að fylgja því eftir. Í 27 skipti hafi um alvarlegar athugasemdir verið að ræða og í tvö skipti mjög alvarlegar.

kristjan@frettabladid.is

Í SKOÐUN Páll Hreinsson, formaður rannsóknarnefndar Alþingis, mun ásamt starfsfólki sínu funda með danska ríkisendurskoðandanum um störf Fjármálaeftirlitsins og hlutverk stjórnar og stjórnenda þess í næstu viku. Gera má ráð fyrir að Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri FME, muni bera á góma.

MYNDARMAÐUR Sultan Kosen er hæsti maður í heimi.

Mælist 2,47 metrar á hæð:

Hæstur í heimi í skóm númer 60

TYRKLAND Tyrkinn Sultan Kosen er hávaxnasti maður heims. Þetta er staðfest og kemur fram í nýjustu Heimsmetabók Guinnes. Kosen, sem er 27 ára, er 2 metrar og 47 sentimetrar á hæð.

Í heimsmetabókinni kemur jafnframt fram að Kosen er með stærstu hendur og fætur sem sögur fara af. Hendurnar mælast 28 sentimetrar frá úlnlið og fram á fingurgóma. Skóstærð Kosens er í kringum 60 en fæturnir mælast tæplega 37 sentimetrar.

Kosen er tíu sentimetrum hærri en sá sem áður var talinn hæstur, hinn kínverski Bao Xishun.

LÖGREGLUMÁL

Fíkniefni fundust við húsleit

Fíkniefni fundust við húsleit í íbúð í Kópavogi síðdegis í fyrradag. Um var að ræða kannabis og kannabisfræ. Innandyra voru tveir karlar og tvær konur en fólkið hefur áður komið við sögu hjá lögreglu.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

HELGARHORFUR
Það verður vætusamt sunnan- og vestanlands um helgina. Á morgun verður þurrt og bjart með köflum norðaustan og austanlands og hægur vindur en á sunnudag ganga yfir landið úrkomuskil og þá má búast við vætu mjög víða þó hún verði sýnu minnst á Norður- og Austurlandi. Vindur vex töluvert á sunnudag, einkum vestan til.



HEIMURINN

Alicante	26°
Amsterdam	20°
Basel	23°
Berlín	21°
Billund	19°
Eindhoven	20°
Frankfurt	25°
Friedrichshafen	25°
Gautaborg	19°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	24°
London	21°
New York	25°
Orlando	33°
Ósló	18°
París	24°
Róm	27°
Stokkhólmur	17°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Ameríkskir dagar

ekta amerískt!

KALKÚNABRINGUR

SINNEPSGLJÁI
2 msk. acacia hunang
4 msk. fersk ítölsk steinselja
4 msk. grófkorna sinnep

Blandið hunangi, steinselju og sinnepi saman í skál

KALKÚNABRINGUR
800 g kalkúnabringur
200 g smjör
1/2 búnt salvía
salt

Saxið salvíu gróft. Brúnið kalkúnabringur á heitri pönnu og saltið. Blandið salvíunni saman við smjörið og setjið undir skinnið á bringunum eða gerið lítil göt í kjötið með hníf og stingið köldu smjörinu rétt undir yfirborðið. Setjið bringurnar í eldfast mót með loki og inn í 110°C heitan ofn og eldið þar til kjarnhiti mælist 65°C. Hellið sinnepsgljáanum yfir bringurnar þegar kjarnhiti er um 55°C. Látið standa í 12 mín. fyrir skurð.

FERSKAR KALKÚNA BRINGUR
1.982 kr/kg.
Merkt verð 3.049.-

BBQ OG BUFFALO VÆNGIR
359 kr/pk.
Merkt verð 679.-

WESTERN STYLE KJÚKLINGALUNDIR
1.885 kr/kg.
Merkt verð 2.899.-

BBQ KJÚKLINGALÆRI MEÐ LEGG
623 kr/kg.
Merkt verð 959.-

Gosdrykkir
Rótarbjór, Cream Soda,
Diet Rótarbjór, Kirsuberja
Pepsi og Sunkist

Nýtt á USA dögum

McCain franskar
- sætar, kryddaðar og líka low fat

Smucker´s
- sultur og íssósur

Coke 2 lítra, 4 í pakka
– Coke og Coke Light

Amerísk skúffukaka
– nammi namm...

Súkkulaði búðingur
– Þetta verður þú að prófa

Gatorade
– GE, X factor og Xtreme

Gildir til 20. september eða á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

KJÖRKASSINN

Er eðlilegt að opið sé fyrir það í lögum að seðlabankastjóri geti haft hærri laun en forsætisráðherra?

Já 26%

Nei 74%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Mundir þú vilja að aðrir leiddu ríkisstjórn Íslands en Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon?

Segðu skoðun þína á visir.is. VÍSIR

Einingarsamtök Afríku gagnrýna veiðar Evrópusambandsríkja harðlega:

Segja ESB stunda rányrkju

SJÁVARÚTVEGUR Ráðgjafi í sjávarútvegsmálum hjá Einingarsamtökum Afríku ásakar Evrópusambandið um hroka í samskiptum við Afríkuþjóðir og rányrkju á fiskimiðum þeirra. Þetta kemur fram í viðtali við Nancy Gitonga frá Keníu við danska blaðið Arbejderen og sagt er frá á vef LÍÚ.

Í viðtalinu dregur Gitonga upp dökka mynd af framferði Evrópusambandsríkja, einkum Spánverja, Portúgala og Frakka. Hún segir ESB árlega semja um aðgang að fiskimiðum Afríkuríkja, einkum við vesturströndina, gegn greiðslu. Í flestum tilvikum séu engin ákvæði um hámarksafla í samningunum. Afleiðingin sé rányrkja.

Á VEIÐUM Framferði Spánverja, Portúgala og Frakka við Afríkustrendur er sérstaklega átalið.

Gitonga segir að veiðar Evrópusambandsríkjanna skapi hvorki atvinnu né tekjur fyrir íbúa þeirra Afríkuríkja sem um ræðir. Á hinn bóginn skapi veiðarnar stórfellt vandamál fyrir hundruð þúsunda íbúa sem ekki geta lengur framfleytt sér með fiskveiðum eða afleiddum störfum af sjávarútvegi.

„Það á að heita svo að peningarnir sem ESB greiðir fyrir aðganginn að fiskimiðunum renni til sjómanna og annarra sem hafa orðið illa úti vegna þessara veiða. En raunveruleikinn er annar. Féð fer allt til landbúnaðarmála og er aðeins dropi í hafið," segir Gitonga í viðtalinu. - shá

Voðaverk þýsks skólapilts:

Tíu slösuðust í sprengjuárás

ÞÝSKALAND Nítján ára gamall nemandi slasaði tíu manns eftir að hann henti bensínsprengju að framhaldsskóla í Þýskalandi í gærmorgun. Lögreglumenn handtóku manninn og fluttu hann slasaðan á sjúkrahús.

Árásin átti sér stað í Carolinum-framhaldsskólanum, skammt frá Nürnberg. Þýska lögreglan segir að bæði nemendur og kennarar hafi slasast og að árásarmaðurinn hafi verið nemandi við skólann.

Þýska lögreglan er á varðbergi gagnvart atburðum sem þessum enda er einungis hálft ár síðan 17 ára piltur, Tim Kretschmer, myrti fimmtán manns í skotárás.

Skoða hliðargreiðslur frá orkufyrirtækjum

Umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra segja tilefni til að skoða reglur um samninga orkufyrirtækja og sveitarfélaga. Oft eru háar upphæðir greiddar fyrir mál óskyld virkjununum. Náttúruverndarsamtök vilja ómerkja skipulag.

VIRKJANIR Umhverfisráðherra mun taka greiðslur Landsvirkjunar til Skeiða- og Gnúpverjahrepps til skoðunar. Samgönguráðuneytið úrskurðaði nýverið að svipaðar greiðslur fyrirtækisins til Flóahrepps hefðu stangast á við lög. Ekki sé heimild í lögum fyrir því að aðrir en sveitarfélag beri kostnað vegna aðalskipulags.

Í tilviki Flóahrepps var um að ræða greiðslur fyrir skipulagsvinnu, sem fyrirtækið innti af hendi. Fram hefur komið að fyrirtækið muni einnig sjá um uppsetningu gsm-kerfis í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir að ljóst sé að umhverfið í kringum þessa samninga hafi ekki verið í lagi. Ábyrg stjórnvöld hljóti að skoða þau mál.

„Það þarf að skoða alla samninga, ekki bara þessa heldur öll samskipti orkufyrirtækja og sveitarfélaga. Fyrst og fremst verður þetta skoðað út frá úrskurði samgönguráðuneytisins. En mér finnst líklegt að þetta setji allar slíkar ákvarðanir í nýtt samhengi."

Náttúruverndarsamtök Íslands hafa sent umhverfisráðherra bréf og hvatt hana til að skoða aðkomu Reykjavíkur og Sveitarfélagsins Ölfuss sem tengdust virkjunum á Hellisheiði þar sem fyrirtækið greiddi fyrir nýja fjárrétt og hesthús og fyrir að annast viðhald mannvirkja. Þá skuldbatt fyrirtækið sig til að sjá um lýsingu vegarins um Þrengsli, frá Suðurlandsvegi í Þorlákshöfn fyrir 14 milljónir króna og leggja ljósleiðara í Þorlákshöfn.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir að setja þurfi reglur um slíka samninga þannig að allt sé uppi á borðinu fyrirfram. „Kostnaðarskipting verður að vera skýr áður en gengið er til samninga." Katrín minnir þó á að lítil sveitarfélög geti lent í vandræðum með hinn mikla kostnað sem fylgir slíkum framkvæmdum. Því geti þátttaka annarra í þeim kostnaði verið eðlileg.

kolbeinn@frettabladid.is

URRIÐAFOSS Virkjanir í neðri hluta Þjórsár hefðu áhrif á vatnsstreymi í fossinum. Umhverfisráðherra er með greiðslur til sveitarfélagsins frá Landsvirkjun í skoðun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Það þarf að skoða alla samninga, ekki bara þessa heldur öll samskipti orkufyrirtækja og sveitarfélaga.
>
> **SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**
> UMHVERFISRÁÐHERRA

Fjórir piltar tóku golfbíla traustataki og urðu valdir að skemmdum:

Spændu og spóluðu á golfvelli

DÓMSMÁL Tveir piltar sem tóku ófrjálsri hendi golfbíla á golfvellinum við Strönd í Rangárþingi í júlí á síðasta ári og spændu á vellinum hafa verið dæmdir bótaskyldir vegna skemmda sem þeir ollu. Tveir piltar til viðbótar sem einnig óku golfbílum um völlinn, voru sýknaðir.

Piltarnir sem um ræðir voru á aldrinum fjórtán til sextán ára. Einn þeirra hafði fundið lykil að golfbíl á vellinum. Það varð til þess að hann og félagar hans ákváðu að fara, eftir lokun vallarins, og leika sér á golfbílum.

Ökuæfingar piltanna voru mjög miskræfar. Nokkrir óku til dæmis upp á hól og stukku þar út úr bílnum til að láta hann fljúga fram af hólnum. Þá læstu þeir afturdekkjunum til að láta bílinn skauta í hringi. Með því brutu þeir flagg á flötinni. Leikurinn barst að skálanum þar sem þeir létu bílinn svo reykspóla. Einn piltanna kvaðst hafa klesst á ljósastaur, flaggstöng og bremsað á flötunum. Annar kvaðst hafa ekið niður tvær flaggstangir, skrensað í brekku og ekið niður stikur sem voru á brautinni.

GOLFBÍLL Tveir piltar voru dæmdir bótaskyldir vegna skemmda sem þeir unnu á golfvelli og golfbílum.

Golfvöllurinn og bílarnir skemmdust allnokkuð við ökuæfingarnar. - jss

SVEFNSÓFAR

ÁTTU VON Á GESTUM?

Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins. Allt frá einföldustu og ódýrustu svefnsófum upp í hágæða svefnsófa sem veita þér og þínum endurnærandi svefn.

T160
Svefnsófi

CLOVE
Svefnsófi

COMODO
Svefnsófi

COUPLE
Svefnsófi

OZI
Gestarúm

1 2 3

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

ARGHI 080609-1

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað heitir nýr forsætisráðherra Japans?*
2. *Hvaða sjónvarpsstöð hefur boðið Jóhönnu Guðrúnu að syngja í jólaþætti?*
3. *Hvað heita aðalpersónurnar í glæpasögum Stiegs Larsson?*

SVÖR Á SÍÐU 34

Eigandi gagnagrunns sakar Ríkisskattstjóra um að vega að mannorði sínu:

Ráðfærir sig við lögfræðinga

PERSÓNUVERND Jón Jósef Bjarnason, sem bjó til gagnagrunn um tengsl manna í viðskiptalífinu, segir að Ríkisskattstjóri hafi vegið að mannorði sínu með fréttatilkynningu sem embættið sendi út í fyrrakvöld. Þar segir að til athugunar sé hvort Jón hafi tekið upplýsingar til að nota í gagnagrunninn í heimildarleysi en Jón er fyrrverandi starfsmaður Ríkisskattstjóra. Eins er upplýst í fréttatilkynningunni að einkahlutafélag Jóns Jósefs hafi ekki skilað frá sér ársreikningi undanfarin þrjú ár.

„Ég skil ekki af hverju hann er að setja þetta í blöðin," segir Jón Jósef. Hann segist hafa samið um aðgang að gögnunum og tekið fram til hvers hann væri að nota þau og að það tengdist ekki störfum hans hjá Ríkisskattstjóra.

TENGSL Gagnagrunnur Jóns Jósefs sýndi að Baugsfeðgar voru tengdir á 809 vegu í íslensku viðskiptalífi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jón Jósef ætlar að ráðfæra sig við lögfræðinga um stöðu sína vegna tilkynningar Ríkisskattstjóra og annars sem málið varðar.

„Við erum ekkert að vega að Jóni," sagði Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri. „Hann hefur ekki farið að persónuverndarlögum og það er til athugunar hvort hann hafi tekið gögnin án heimildar." Um það hvers vegna upplýsingar séu gefnar í tilkynningunni um ársreikninga einkahlutafélags Jóns Jósefs segir Skúli Eggert að Jón Jósef hafi talað fyrir auknu gagnsæi með því að kortleggja eigendur félaga og rekstur þeirra. Persónuvernd hefur nú mál Jóns Jósefs til meðferðar. - pg

Ökukennari í fangelsi í tvö ár:

Dómur yfir níðingi mildaður

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur mildað fangelsisdóm yfir Hauki Helgasyni ökukennara sem héraðsdómur hafði áður dæmt í þriggja ára fangelsi fyrir að brjóta kynferðislega gegn fjórum nemendum sínum. Hæstiréttur hefur nú dæmt Hauk í tveggja ára fangelsi.

Í dómi Hæstaréttar segir að líta verði til þess við ákvörðun refsingar að Haukur hafi misnotað aðstöðu sína sem kennari piltanna freklega. Brotin hafi verið alvarleg og þau staðið lengi. Á hinn bóginn þurfi einnig að horfa til þess að brotin voru nánast fyrnd samkvæmt þágildandi lögum þegar lögregla hóf rannsókn málsins. - sh

» Rödd skynseminnar

Mind the gap!

London
Frá og með 2. nóv. fljúgum við bæði um Stansted og Gatwick í London!

Hvort sem þú ert í London eða annars staðar skaltu nota almenningssamgöngur. Þær eru ódýrar og áreiðanlegar. Það hlýtur að vera einhver ástæða fyrir því að heimamenn nota strætó og lestir, er það ekki?

Hlustaðu á rödd skynseminnar, bókaðu flug til Evrópu og fáðu góð sparnaðarráð á www.icelandexpress.is

» Verð frá:
14.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Iceland Express
með ánægju

Fíton/SÍA FI030560

Kemur vel til greina að endurskoða lögin

Dómsmálaráðherra telur fyllilega koma til greina að endurskoða enn á ný lög um kynferðisbrot. Sérstök ákvæði um brot gegn börnum ætluð þeim til verndar.

OFBELDI Fyllilega kemur til greina að endurskoða kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra, spurð um það sem fram kemur í nýútkominni bók Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur, Á mannamáli, um ofbeldi á Íslandi, og umræðu sem spunnist hefur um efni hennar.

Í bókinni fjallar Þórdís Elva meðal annars um misræmi í viðurlögum við kynferðisbrotum.

Hún tekur dæmi af ímynduðum manni sem eigi þrjár dætur, 14, 15 og 17 ára. Samkvæmt lögum eigi hann mest yfir höfði sér sextán ára fangelsi fyrir að misnota þá yngstu, tólf ára fangelsi fyrir að misnota þá í miðið og átta ára fangelsi fyrir að misnota sautján ára dótturina.

RAGNA ÁRNADÓTTIR

Maðurinn á síðan yfir höfði sér mest sextán ára fangelsi fyrir að nauðga ókunnugri konu, tvöfalt þyngri refsingu en fyrir að misnota elstu dóttur sína.

Nefnt hefur verið að fella öll brot þar sem samræði er haft við börn undir hugtakið nauðgun. „Það er vissulega hægt að velta fyrir sér af hverju svo svívirðilegir verknaðir skuli ekki allir sæta sama refsihámarkinu," segir Ragna.

Hún bendir þó á að sérstök ákvæði um börn í kynferðisbrotakaflanum séu börnunum til verndar, vegna þess að ekki þurfi nauðgun, í skilningi hegningarlaga, til að samræði við barn sé refsivert. Þannig hafi hegningarlög að geyma ýmiss konar

MISRÆMI Í LÖGUNUM Helmingi lægri hámarksrefsing liggur við því að misnota sautján ára dóttur sína en að nauðga ókunnugri konu. NORDICPHOTOS / GETTY

brotalýsingar sem væntanlega leiða til þess að unnt sé sakfella fleiri en færri.

Enn fremur bendir Ragna á að ákvæðin um samræði við börn útiloki ekki að sá sem gerist brotlegur við það ákvæði gerist einnig sekur um nauðgun, sé ofbeldi beitt eins og lögin gera ráð fyrir í nauðgun.

Þá hefur einnig vakið athygli hversu langt frá hámarki refsirammans dómar í kynferðisbrotamálum eru jafnan. Ragna segir að í greinargerð með nýjustu lagabreytingunum á kynferðisbrotakafla hegningarlaga, frá 2007, komi fram að refsimörkin séu höfð rúm, sem þýðir að þau séu í raun mun hærri en dæmdar refsingar eru almennt. „Um það má deila, og spyrja af hverju dómarar nota ekki allan refsirammann þegar hann er til staðar," segir Ragna.

Hún nefnir þó að dómar í kynferðisbrotamálum hafi að undanförnu verið að þyngjast, hvort sem það er vegna þess að brotin verði æ alvarlegri eða að dómstólar séu hægt og bítandi að þyngja refsingarnar samfara aukinni þekkingu á afleiðingum brotanna.

Ragna segist telja að sú umræða sem átt hefur sér stað um kynferðisbrot, ekki síst gegn börnum, undanfarin ár, muni breyta því hvernig litið sé á brotin. Fyllilega komi til greina að taka kynferðisbrotakafla laganna enn á ný til skoðunar, enda hafi Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna og varaformaður allsherjarnefndar, vakið máls á því.

stigur@frettabladid.is

Nýr matseðill
á Ruby Tuesday

17 nýir réttir
til að gæða sér á
Komdu í heimsókn

RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skipholti 19 Sími 577-1300

PIPAR • SÍA • 91265

GOÐI

ÓDÝR LAMBASVIÐ

249 kr/kg

~~298~~ kr/kg

TILBOÐ

Sláturtíð í Nettó!

BLÓÐMÖR 4stk.
Frosin og ósoðin

449 kr/kg

~~748~~ kr/kg

GOÐI

40% afsláttur

FERSKUR KJÚKLINGUR 1/1

ÍSFUGL

539 kr/kg

~~898~~ kr/kg

52% afsláttur

40% afsláttur

GOÐI

LIFRAPYLSA 4stk.
Frosin og ósoðin

479 kr/kg

798 kr/kg

3 SLÁTUR Í KASSA
Frosin og pökkuð, brytjaður mör

3.998 kr/kg

Sláturmarkaður!
sama verð og í fyrra!

ÓDÝRT

LAMBAHRYGGUR, SAGAÐUR

1.384 kr/kg

~~1.798~~ kr/kg

CAPRI SONNE, 5x200ml
Safari, orange eða multivit

248 kr/pk..

HEILSUTÓMATAR

149 kr/pk.

~~298~~ kr/pk.

50% afsláttur

ÍSLENSKAR GULRÓFUR

129 kr/kg

~~258~~ kr/kg

50% afsláttur

HÖFUÐSALAT

99 kr/kg

~~198~~ kr/kg

www.markonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 17. - 20. september eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

NÝ HANDHÆG TÖLVA Nýjasta afurð PSP-tölva frá Sony, svokölluð „PSP go“, var frumsýnd á blaðamannafundi í Hong Kong í gær. Tölvan þykir ein sú handhægasta leikjatölva sem sést hefur. Hún verður sett í sölu í byrjun október.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Reykjavíkurborg þarf að draga saman útgjöld um sex prósent á næsta ári:

Grunnþjónustan gengur fyrir

BORGARMÁL Reykjavíkurborg þarf að draga saman í rekstrarútgjöldum um rúmlega sex prósent á komandi fjárhagsári. Við ákvörðun fjárhagsramma til einstakra málaflokka var forgangsraðað í þágu grunnþjónustu, barna- og velferðarmála. Þannig er minni krafa um hagræðingu á menntasviði, leikskólasviði og íþrótta- og tómstundasviði, en á framkvæmda- og eignasviði, skipulags- og byggingasviði og umhverfis- og samgöngusviði.

Á fundi borgarráðs í gær voru lagðar fram forsendur fyrir fjárhagsáætlunargerð Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010. Þar er gert ráð fyrir svipaðri þróun atvinnu- og efnahagsmála og Seðlabanki Íslands gerir ráð fyrir og almennri lækkun tekna og hækkun velferðarútgjalda. Gert er ráð fyrir að skatttekjur lækki um sex prósent eða tæplega 2,5 milljarða króna, fjármagnstekjur lækki um 1,3 milljarða og velferðarútgjöld aukist um tæplega tvo milljarða króna.

Gert er ráð fyrir að fagráð og fagsvið Reykjavíkurborgar skili tillögum að starfs- og fjárhagsáætlun 14. október og að borgarstjórn ljúki umræðu um frumvarpið í byrjun desember.

- shá

RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR Borgin forgangsraðar verkefnum í þágu grunnþjónustu, barna og velferðarmála.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kona um sextugt:

Stal nærbuxum og brjóstahaldi

DÓMSMÁL Tæplega sextug kona hefur verið dæmd fyrir að stela úr verslun á Selfossi brjóstahaldi og nærbuxum fyrir rúmlega ellefu þúsund krónur.

Konan játaði brot sitt greiðlega fyrir dómi. Samkvæmt sakavottorði er þetta í fjórða sinn sem konan er sakfelld fyrir þjófnað.

Í þetta skiptið var hún dæmd í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Með hliðsjón af sakaferli hennar svo og játningu fyrir lögreglu og dómi þótti rétt að skilorðsbinda refsinguna.

- jss

Viltu hætta að reykja?

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur um árabil haldið námskeið fyrir einstaklinga eða hópa sem vilja hætta að reykja.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 21. september 2009.

Hægt er að skrá sig í síma 540 1900 eða á netfangið reykleysi@krabb.is
Nánari upplýsingar á www.krabb.is/reykleysi

Krabbameinsfélagið
www.krabb.is

FJARSKIPTAMÖSTUR Á VALHÚSASKÓLA Faðir á Seltjarnarnesi hefur gert athugasemdir við þessi möstur. Honum var sagt að Geislavarnir ríkisins teldu bylgjurnar hættulausar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reykjavík taki mið af GSM-reglunum

Formaður umhverfisráðs segir ályktun Evrópuþingsins gegn GSM-sendum á skólum ekki koma á óvart og er sannfærður um að umhverfissvið borgarinnar taki mið af því. „Tökum þetta alvarlega“ segir hann.

UMHVERFISMÁL Hjá Reykjavíkurborg hefur almennt verið farið mjög varlega í uppsetningu á GSM-sendum, að sögn formanns umhverfisráðs. Þetta hefur verið gert „þrátt fyrir að allir okkar embættismenn og fræðimenn sem við höfum leitað til segi okkur að það stafi engin hætta af þeim,“ segir formaðurinn, Gísli Marteinn Baldursson.

Honum kemur ekki á óvart ályktun Evrópuþingsins, sem sagt var frá í blaðinu í gær og bannar að slíkir sendar séu settir ofan á skóla. „Ég er sannfærður um að umhverfissvið hefur tekið mið af því. Það er sjálfsagt að tefla ekki á tvær hættur í þessu,“ segir hann.

Greint hefur verið frá áhyggjum íbúa af GSM-sendum í blaðinu síðustu daga, en fjölskylda á Egilsstöðum flúði heimili sitt eftir að sendir var settur upp í nágrenninu. Heimilisfólkið fann fyrir óþægindum í höfði og á húð. Eins hefur grunnskólakennari sagt frá verri líðan sinni og nemenda sinna, eftir að sendi var komið fyrir uppi á skólanum. Í Grindavík berst maður nú gegn því að GSM-sendir verði settur upp nálægt heimili hans.

Gísli Marteinn segist ekki geta svarað fyrir hvort uppsetning sendanna hafi alltaf verið grenndarkynnt. „En þeir sem hafa verið settir upp í minni tíð hafa verið það,“ segir hann og rifjar upp tvö dæmi: einn sendi sem hætt var við að setja upp vegna mótmæla íbúa og annan sem var settur upp eftir að allir íbúar hverfisins féllust á það.

Spurður hvort sendarnir séu enn settir ofan á skóla og sjúkrastofnanir, segir Gísli Marteinn að hann viti ekki til þess, að minnsta kosti ekki í seinni tíð.

„Við tökum þetta alvarlega og höfum heyrt reynslusögur frá fólki sem telur sig hafa orðið fyrir skaða af þessu og förum því mjög varlega,“ segir Gísli Marteinn.

Á Íslandi eru engin lögbundin viðmið um hámarksstyrk GSM-senda, en Geislavarnir ríkisins miða við tilmæli ESB, sem gera ráð fyrir hærri styrk en til dæmis gert er í Sviss og í Kína.

Í vor sagði Evrópuþingið að framkvæmdastjórn ESB ætti að setja reglur gegn GSM-sendum á skólum og heilbrigðisstofnunum.

Geislavarnirnar mælast til þess að fólk passi upp á GSM-notkun barna, þar sem ekki er vitað um áhrif GSM-bylgna á heilsufar.

klemens@frettabladid.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Glæpir gleymast ekki
KÍNVERJINN
2. PRENTUN KOMIN Í VERSLANIR
Grípandi saga um hatur og hefnd sem teygir sig til þriggja heimsálfa, yfir þrjár aldir.
Þú leggur hana ekki frá þér.
„Prýðilega saminn þriller og metnaðarfullur... fín bók.“
Páll Baldvin Baldvinsson, Kiljan
„... höfundinum tekst frábærlega upp, hreint stórkostlega.“
Aftenposten
Henning Mankell
KÍNVERJINN
Besta bók Mankells í 15 ár!
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Loksins komin

Almennt verð 5.480
Tilboð 4.980 + bíómiði
á myndina
(1. Okt 2009)



Takmarkað magn
eingöngu 150 miðar í boði

BOKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Bókabúð Máls og Menningar – Laugavegi 18 – Sími 580 5000 – www.bmm.is

FBL-GREINING: PÓKER

Upprunninn í Persíu

Póker nýtur sívaxandi vinsælda á Íslandi og á dögunum var haldið fyrsta Íslandsmótið í póker, þar sem verðlaunafé hljóp á milljónum.

Hver er saga pókers?

Uppruni pókerspils liggur ekki alveg fyrir en talið er að sögu pókers megi að einhverju rekja til persneska spilsins As Nas, sem spilað var á miðöldum. Póker í sinni núverandi mynd varð til á fyrri hluta nítjándu aldar og hefur síðan tekið stöðugum breytingum og þróast. Upp úr 1970 ruku vinsældir pókers upp úr öllu valdi, með auknum vinsældum svokallaðs mótapókers, sem er útsláttarkeppni þar sem einn stendur uppi sem sigurvegari. Þar munaði mest um tilkomu WSOP-mótsins (World Series of Poker).

Hvernig er póker spilaður?

Vinsælasta tegund pókers í heiminum í dag er svokallað Texas Hold'em fyrirkomulag. Þá er hverjum spilara gefin tvö spil á hendi, og síðan eru fimm spil í heildina lögð í borðið. Sá leikmaður sem getur búið til bestu fimm spila höndina úr spilunum í borðinu og sínum eigin tveimur sigrar. Þar með er ekki öll sagan sögð, því inn í þetta kemur að menn leggja fé undir milli þess sem spilin eru lögð á borðið, í því skyni að fá aðra til að draga sig úr spilinu eða stækka vinningspottinn enn frekar. Blekkingar og kænska skipta því miklu máli. Hendurnar eru vitaskuld misgóðar, og er raðað í þessa röð: háspil, par, tvö pör, þrenna, fimm spil í röð, fimm spil af sömu sort, fullt hús (par og þrenna), ferna og að lokum fimm spil í röð og af sömu sort.

Er póker löglegur á Íslandi?

Ef marka það sem fram hefur komið í opinberri umræðu síðustu ár er póker löglegur svo fremi sem þriðji aðili hagnast ekki á honum, eins og gildir um öll önnur fjárhættuspil. Enn fremur leikur vafi á því hvort löglegt sé að auglýsa póker, þar sem bannað er með lögum að hvetja til fjárhættuspils. Lögregla stöðvaði pókermót fyrir nokkrum misserum en ákæra var aldrei gefin út. Lögregla lét svo ekki sjá sig á mótinu um síðustu helgi.

SOS! Hjálp fyrir foreldra

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands stendur fyrir námskeiði klíníska sálfræðingsins dr. Lynn Clark: SOS! Hjálp fyrir foreldra. Námskeiðið er ætlað foreldrum og starfsfólki sem vinnur með börnum og/eða foreldrum. Kennt er í 6 skipti, einu sinni í viku, 2,5 klst í senn.

Á námskeiðinu er meðal annars fjallað um hvernig skýr skilaboð efla foreldrahlutverkið, aðferðir til að styrkja æskilega hegðun og draga úr óæskilegri hegðun. Fjöldi þátta í tækni til hegðunarstjórnunar eru kynntir. Aðferðirnar sem eru kenndar nýtast við uppeldi barna til að minnsta kosti tólf ára aldurs. Leiðbeinendur eru starfandi sálfræðingar.

Næstu námskeið:
Mjódd, Reykjavík: 22. september–27. október, kl. 17–19:30.
Akurskóli, Njarðvík: 22. september–27. október og 14. október–18. nóvember kl. 17:30–20:00 eða 20:00–22:30.
Miðgarður, Langarimi 21, Reykjavík: 7. október–11. nóvember, kl. 17–19:30.

Á hverju námskeiði eru skráðir u.þ.b. 16 manns.
Skráning er hjá soleyl@hi.is. Hægt er að frá nánari upplýsingar um námskeiðin í síma 525 4545 og 525 4544 eða á heimasíðu Félagsvísindastofnunar: www.felagsvisindastofnun.is

Toyota Kópavogi
TOYOTA
Auka- og varahlutaþjónusta

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 2-8 Sími: 570-5070
www.toyota.is
Today Tomorrow Toyota

FRÉTTASKÝRING: Gjaldþrot - fyrirtæki

Afskipti ríkisins aukast

Lög um Bankasýslu ríkisins og stofnun opinbers hlutafélags þýða að afskipti ríkisins af atvinnulífi munu aukast. Bankasýslan tekur til starfa á næstu dögum og verið er að skipa í stjórn. Í dómsmálaráðuneyti er unnið að lagabreytingum til að fjölga nauðungarsamningum á kostnað gjaldþrota.

BYGGINGAFRAMKVÆMDIR Fjöldi fyrirtækja hefur átt í erfiðleikum, ekki síst á byggingamarkaðnum. Breyta á lögum til að auðvelda nauðasamninga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bankasýsla ríkisins tekur til starfa í næstu viku. Hún hefur það hlutverk að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, en það hefur ágerst eftir hrunið að ríkið eigi í fjármálafyrirtækjum. Bankasýslan heyrir undir fjármálaráðherra og hefur hann útnefnt þau Þorstein Þorsteinsson rekstrarhagfræðing, Sonju Maríu Hreiðarsdóttur lögfræðing og Sigríði B. Stefánsdóttur hagfræðing í stjórnina og Guðrún Johnsen lögfræðing er til vara. Viðskiptanefnd kemur á framfæri sínum sjónarmiðum um útnefninguna, en hún fundar eftir helgi.

Þá er það Bankasýslunnar að hafa eftirlit með eigendastefnu ríkisins og gera tillögur til fjármálaráðherra um frekari fjármögnun fyrirtækjanna. Aukinheldur sér Bankasýslan um undirbúning sölu á eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjunum.

Bankasýslan átti að taka strax til starfa og gefa fjármálaráðherra ítarlega skýrslu um starfsemi sína í fyrsta sinn 1. nóvember. Samkvæmt lögum á að leggja Bankasýsluna niður fimm árum eftir að hún er sett á fót.

Eignaumsýslufélag

Alþingi samþykkti í sumar stofnun opinbers hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja. Félagið, sem kallað hefur verið eignaumsýslufélag, á að vera fjármálafyrirtækjum til aðstoðar við að endurskipuleggja skuldsett atvinnufyrirtæki. Það hefur heimild til að kaupa lánskröfur og gerast hluthafi í fyrirtækjum við sérstakar aðstæður.

Hlutverk félagsins er annars að aðstoða við tiltekt í rekstrinum, leggja niður einingar sem eru óhagkvæmar, sameina fyrirtæki eða gera hvað það sem metið er þarft til að hægt sé að reka fyrirtækin áfram með hagkvæmum hætti og forðast gjaldþrot.

Þá er kvöð á félaginu að ráðstafa þeim eignum sem það kaupir eins fljótt og markaðsaðstæður leyfa með gagnsæjum hætti. Eignaumsýslufélagið og Bankasýslan eru því hugsuð sem skammtímaúrræði við sérstakar aðstæður. Heimild er fyrir því að færa eignaumsýslufélagið undir Bankasýsluna.

Frumvarpið um eignaumsýslufélagið tók miklum breytingum í meðförum Alþingis og gengu þær flestar í þá átt að auka eftirlitshlutverk þingsins. Þingmenn hafa þannig aðgang að upplýsingum um þau fyrirtæki sem félagið tekur yfir.

Atvinnulífið ósátt

Samtök atvinnulífsins gerðu fjölmargar athugasemdir við frumvörpin og töldu stofnun, bæði Bankasýslunnar og umsýslufélagsins, óþarfa. Með Bankasýslunni væri verið að seilast inn á hlutverk bankaráða og í raun verið að búa til nokkurs konar yfirbankaráð.

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri samtakanna, segir að upplýsingagjöf eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi um eignaumsýslufélagið, geti verið skaðleg fyrirtækjum á samkeppnismarkaði. Mjög mikilvægt væri að auka traust á fyrirtækjum og það væri hlutverk stjórnenda þeirra, meðal annars með auknum upplýsingum. Hins vegar væri hægt að fara yfir línu í þeim efnum sem gæti orðið skaðleg fyrirtækjunum. Fréttablaðið hefur heimild fyrir því að sú óánægja sé nokkuð almenn á meðal atvinnurekenda sem telji upplýsingaflæðið hamandi. Sumir tala þannig að betra sé að setja fyrirtækið í gjaldþrot en að fara þessa leið.

Þá sagði Hannes að samtökin hefðu efasemdir um að ríkisvaldið ætti að reka stærri fyrirtæki í langan tíma. „Eðlilegast væri að reyna að koma þeim aftur í hendur nýrra eigenda sem reyndu að hámarka virði þeirra."

FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is



NAUÐUNGARSAMNINGAR AUÐVELDAÐIR

Innan dómsmálaráðuneytisins er unnið að breytingum á löggjöf um gjaldþrot í því skyni að auðvelda nauðasamninga. Með því á að koma í veg fyrir að fyrirtæki fari í gjaldþrot með tilheyrandi kostnaði og eftirmálum. Ákvæði er í núgildandi lögum um slíka samninga, en yfirvöldum þykir það ekki nógu vel nýtt.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra segir að koma eigi til móts við fyrirtæki svipað og gert var við einstaklinga fyrr á árinu. Grunnhugsunin er að koma í veg fyrir gjaldþrot og liðka fyrir samningum áður en í algjört óefni er komið.

RAGNA ÁRNADÓTTIR

Vannýtt úrræði

„Við munum flýta ferlinu við nauðasamninga og einfalda það. Það verður liðkað fyrir samþykkt kröfuhafa á slíkum samningum. Endanleg útfærsla liggur ekki fyrir.

Of fáir hafa nýtt sér þetta úrræði, en það getur verið nauðsynlegt, ekki síst til að varðveita þekkingu starfsmanna. Því er mikilvægt að greiða fyrir nauðasamningum til að komast hjá gjaldþroti."

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í gær hafa reglur um skiptastjóra verið gagnrýndar. Við flókin gjaldþrot sé nauðsynlegt að fleiri komi að málinu með þekkingu á verðmæti fyrirtækja og markaði en lögfræðingar.

Tveir skiptastjórar

Ragna segir að núverandi löggjöf heimili skipan tveggja skiptastjóra og þá geti annar þeirra verið endurskoðandi. „Þetta er því frekar spurning um hvernig dómstólar haga sinni ákvarðanatöku þegar kemur að því að skipa skiptastjóra. Menn verða að taka aukin umsvif með í reikninginn. Þetta lýtur því frekar að því að heimildir laganna séu nýttar, en því að lögunum verði breytt."

Sú krafa hefur einnig heyrst að við sölu úr þrotabúum við þær aðstæður sem nú eru uppi, sé mikilvægt að allt ferlið sé opið. Eðlilegast væri að haga málum sem líkast því að um venjulega fyrirtækjasölu sé að ræða. Þá eru útbúin sölugögn og hver sem er fær að bjóða í, þannig sé hámarksverðmæti tryggt. Með því séu hagsmunir almennings tryggðir, en þeir eru ríkir þótt þeir séu ekki lögvarðir.

Ragna segir ekki hafa komið til tals að setja slíkt ákvæði. Það sé í höndum skiptastjóra í hverju og einu búi að ákveða hvernig sölu er háttað og eignum búsins komið í verð. Kröfuhafar eigi þó síðasta orðið.

FRYSTIKISTUR Í MIKLU ÚRVALI

MEST SELDU FRYSTIKISTUR Á ÍSLANDI

VERÐDÆMI

Whirlpool AFG6323B
327 lítra FRYSTIKISTA með 24kg frystigetu á sólarhring og orkunýtingu B. Ein karfa fylgir. Mál (hxbxd): 88,5x112x66sm.

VERÐ
99.995
FRÁBÆRT VERÐ

MARGAR STÆRÐIR Í BOÐI

FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ

elna SAUMAVÉLAR

ELNA2100
Einföld og góð SAUMAVÉL með 15 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Ábreiða yfir vélina fylgir og bútasaumsfótur fáanlegur.

TILBOÐ
29.995
FULLT VERÐ 39.995

ELNA2300
Einföld og góð SAUMAVÉL með 24 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Íslenskur leiðarvísir fylgir. Ábreiða yfir vélina fylgir og bútasaumsfótur fáanlegur.

TILBOÐ
36.995
FULLT VERÐ 44.995

ELNA2600
Einföld og góð SAUMAVÉL með 19 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Auðvelt er að auka sporlengdina, stillingar frá 0-4 mm. Sporbreidd er auðveldlega stillanleg frá 0-5 mm. Ábreiða yfir vélina fylgir og bútasaumsfótur fáanlegur.

TILBOÐ
42.995
FULLT VERÐ 49.995

ELNA2800
Einföld og góð SAUMAVÉL með 23 sporgerðir, innbyggðum nálaþræðara, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Auðvelt er að auka sporlengdina, stillingar frá 0-4 mm. Sporbreidd er auðveldlega stillanleg frá 0-5 mm. Ábreiða yfir vélina fylgir og bútasaumsfótur fáanlegur.

TILBOÐ
49.995
FULLT VERÐ 59.995

FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700

Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

50 ára
HAGKAUP
1959-2009

FRÍTT kaffi og meðlæti um helgina í tilefni 50 ára afmælis Hagkaups

FERÐATASKA
61 CM
3.499kr
v.á. 6.999.-

FERÐATASKA
51 CM
2.499kr
v.á. 4.999.-

KAÐLAPEYSA
4.999kr
v.á. 9.999.-

KJÓLL
2.999kr
v.á. 5.999.-

REGNGALLI
FLÍSFÓÐRAÐUR
3.499kr
v.á. 6.999.-

MONSTER
NÁTTFÖT
1.249kr
v.á. 2.499.-

DÓRU
NÁTTFÖT
1.249kr
v.á. 2.499.-

BOLIR
VERÐ FRÁ
849kr
v.á. 1.699.-

BOLIR
2 Í PAKKA
849kr
v.á. 1.699.-

NÆRBUXUR
3 Í PAKKA
749kr
v.á. 1.499.-

STELPU
NÆRFATASETT
999kr
v.á. 1.999.-

HLÝRABOLUR
749kr
v.á. 1.499.-

BOXER
2 Í PAKKA
999kr
v.á. 1.999.-

BRJÓSTA
HALDARI
999kr
v.á. 1.999.-

NÆRBUXUR
649kr
v.á. 1.299.-

BRJÓSTA
HALDARI
999kr
v.á. 1.999.-

STRENGUR
3 Í PAKKA
849kr
v.á. 1.699.-

HLÝRABOLUR
649kr
v.á. 1.299.-

LEGGINGS
499kr
v.á. 999.-

HLÝRABOLUR
499kr
v.á. 999.-

BOXER
649kr
v.á. 1.299.-

NÆRBUXUR
SÍÐAR
999kr
v.á. 1.999.-

DÖMU
GÚMMÍSTÍGVÉL
2.749kr
v.á. 5.499.-

BARNA
STÍGVÉL
1.749kr
v.á. 3.499.-

LATABÆJAR
PÚÐAR
999kr
v.á. 1.999.-

LEGGINGS
499kr
v.á. 999.-

HERRA
SKYRTUR
1.999kr
v.á. 3.999.-

OPIÐ
24 Hagkaup
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 20. september á meðan birgðir endast.

...fyrir Íslendinga í 50 ár!

50% afsláttur

SMOKING
8.499kr
v.á. 16.999.-

GRILLAÐUR KJÚKLINGUR
799kr/stk.

HAGKAUPS GRILLLÆRI
999kr/kg.
v.á. 2.199.-

50% afsláttur

60% afsláttur

COKE 330ML
49kr/stk.
v.á. 125.-

50% afsláttur

FERSKUR KJÚKLINGUR
493kr/kg.
v.á. 949.-

STJÖRNU SNAKK
139kr/stk.
v.á. 209.-

16" FERSK PIZZA 2 TEGUNDIR
898kr/stk.

KRISTALL 2 LTR.
149kr/stk.
v.á. 249.-

50% afsláttur

NAMMILAND
50%
afsláttur v/kassa

50% afsláttur

HNETUBARINN
50%
afsláttur v/kassa

JARÐARBER 500G
535kr/pk.

NÝ UPPSKERA FRÁ USA

VÍNBER
512kr/kg.

50% afsláttur

HLUNKUR 8 STK.
279kr/pk.
v.á. 599.-

50% afsláttur

EMMESSÍS SKAFÍS
299kr/stk.
v.á. 599.-

50% afsláttur

NÓI SIRÍUS SÚKKULAÐI
99kr/stk.
v.á. 222.-

50% afsláttur

APPOLO LAKKRÍS
139kr/stk.
v.á. 279.-

50% afsláttur

TAKMARKAÐ MAGN

COCOA PUFFS
199kr/pk.
v.á. 397.-

50% afsláttur

MATARBOX VERÐ FRÁ
99kr
v.á. 199.-

WC RÚLLUR 9 STK.
529kr/pk
v.á. 894.-

50% afsláttur

MÝKINGAR EFNI
297kr/stk.
v.á. 594.-

50% afsláttur

MÖNDLUKAKA
229kr/stk.
v.á. 469.-

50% afsláttur

RÚNSTYKKI
49kr/stk.
v.á. 99.-

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

skoðun

greinar@frettabladid.is

Reynsla og nýjabrum kljást á Alþingi:

Hugsjónir og raunsæi

JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR

Best fer á því í stjórnmálum að saman fari hugsjónir og raunsæi, reynsla og nýjabrum. Störf Alþingis á liðnu sumri urðu merkileg kennsla um afleiðingar þess þegar hugsjónagleði gengur alveg fram af reynslu og raunsæi.

Ótrúlegur misskilningur kom fram um samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það virtist hafa gleymst að ríkisstjórnin er í reynd aðeins framkvæmdanefnd Alþingis enda er þingræði undirstaða í stjórnkerfi landsins. Vegna þessa misskilnings héldu sumir þingmenn að uppreisn í þingflokki Vinstri grænna gegn eigin ríkisstjórn í Icesave-málinu væri einhvers konar „sigur þingræðisins“ og einhvers konar „áfangi“ í þróun lýðræðis.

Uppreisnin meðal Vinstri grænna út af Icesave stafar að öllum líkindum einfaldlega af því að ríkisstjórnin lét undir höfuð leggjast þá mikilvægu vinnureglu að kynna og ræða öll þingmál fyrst í eigin þingflokkum, rækilega lið fyrir lið og gefa þingmönnunum þá tækifæri til spurninga, athugasemda og andmæla. Þetta er beinlínis eitt megineinkenni þingræðis: að stjórnarliðið fær fyrst tækifæri áður en mál eru lögð fram á þingi opinberlega. Þarna birtist þá forræði Alþingis og á þessum grundvelli er leitað samkomulags og samstöðu í stjórnarliðinu áður en mál eru látin ganga lengra fram.

Leiðtogi Vinstri grænna hefur að miklu leyti staðið sig aðdáunarlega í starfi ef reynt er að meta frammistöðu hans óháð flokkslit. Steingrímur J. Sigfússon hefur staðfest sig sem samviskusamur og þroskaður raunsæismaður. En í þessum mikilvæga undirbúningi í slíku vandræðamáli mun hann hafa rangmetið stöðuna algerlega. Enn er óvíst um afdrif málsins.

Örlög Borgarahreyfingarinnar eru annað dæmi um bjarta hugsjónagleði sem fuðrar upp í reykbólstra þegar hún rekur sig á raunveruleikann og ábyrgðina. Þessi örlög eru að flestu leyti hörmuleg, ekki síst vegna þess að þjóðfélagið hafði þörf fyrir nýstárlega stjórnmálahreyfingu sem gæti vakið athygli á ýmsum þáttum samfélagsmálanna og bent á nýjar leiðir til framtíðar. Ekki skal dregið í efa að góður ásetningur lá að baki – enda þótt því verði ekki neitað að einstaka talsmaður Borgarahreyfingarinnar hafi einkum vakið athygli fyrir skammakjaft og innihaldslitlar fullyrðingar.

Nú skiptir miklu að þessir atburðir verði ekki til að eyða öllum áhuga meðal almennings á breytingum í stjórnkerfi og lýðræðisskipan þjóðarinnar. Það væri þá illa farið ef mistök hugsjónafólksins unga verða til þess að þjóðin ýti til hliðar öllum tillögum um persónukjör, þjóðaratkvæðagreiðslur, gegnsæi í stjórnsýslu eða um önnur álíka athyglisverð og tímabær nýmæli.

Reynslan hefur orðið sú á þessu ári að stofnanir Lýðveldisins Íslands standast þá áraun sem orðið hefur. En við eigum ekki aðeins að fjalla um nýstárlegar hugmyndir og skemmtilegar hugsjónir þegar fokið er í öll skjól. Við eigum einmitt að bregða á slík ráð þegar við getum virkilega valið og hafnað. Og þá er skynsamlegt að muna hve samspil hugsjóna og raunsæis skiptir miklu. Og ekki er verra að ráðamenn minnist þess að Alþingi hefur skipt sköpum um farsæld þjóðarinnar – einmitt vegna þess að þar hefur verið forræði og forysta fyrir málum Íslendinga.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þingmannablogg

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, bloggar um fréttatilkynningu sem Ríkisskattstjóri sendi út í gær til að skýra hvers vegna hann greip í taumana gagnvart gagnagrunni um tengsl í viðskiptalífinu, sem Jón Jósef Bjarnason bjó til.

Tilkynning Ríkisskattstjóra er harðorð í garð Jóns Jósefs og Ólínu blöskrar harkan og segir ekkert benda til þess að í gagnagrunninum séu upplýsingar sem leynt eigi að fara heldur þvert á móti. Hún spyr líka hvað það komi gagnagrunninum við að einkahlutafélag Jóns Jósefs hafi ekki skilað ársreikningi til embættis Ríkisskattstjóra eins og fram kom í fréttatilkynningu embættismannsins. „Vill ekki ríkisskattstjóri upplýsa okkur Íslendinga um alla þá sem ekki hafa skilað embættinu ársreikningi undanfarin þrjú ár?“ spyr Ólína. Ef ríkisskattstjóri bregst ekki við áskoruninni getur Ólína kannski lagt fyrirspurn um málið fyrir Alþingi strax í haust?

Kófsveitt stjórnsýsla

Jón Bjarnason, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, bloggaði líka í vikunni, eins og hann gerir af og til. Hann var þó ekki með hugann við eigin málaflokka heldur Evrópumálin og könnun sem sýndi að fylgi við ESB-aðild mælist nú minna en nokkru sinni áður. Ráðherrann er harðorður í garð þeirrar ákvörðunar sem flokkssystkini hans og samherjar í ríkisstjórn og á Alþingi tóku um að sækja um aðild að ESB: „Ýmsum finnst að stjórnsýsla landsins hafi í nógu öðru þarfara að snúast en að fleiri tugir manna sitji kófsveittir við að svara löngum spurningalistum frá Evrópusambandinu,“ segir ráðherrann.

peturg@frettabladid.is

Tilraunir

Hinn 18. ágúst 1634 var Urbain Grandier, prestur í bænum Loudun í Frakklandi, brenndur á báli fyrir galdra. Nunnur í klaustri þar í bæ höfðu tekið upp á þeim sið að hoppa fram og aftur með hinum afkáralegustu tilburðum, æpandi „ríddu mér“ og fleira í þeim dúr, og var prestinum gefið að sök að hafa ært þær með gjörningum. Þeir menn voru þó til, mitt í þessu galdrafári, sem trúðu ekki meira en svo á sekt Urbain Grandier; þeir litu kannske svo á að ungar stúlkur, dæmdar til æfilangrar vistar í klaustri, gætu tekið upp á því að hoppa um með kátleg frýjuorð á vörum, án þess að nokkrar fítonskúnstir væru með í spilinu. Urbain Grandier játaði heldur ekki á sig neina galdra, hversu mjög sem hann var pyndaður. En hann átti sér skeinuhættan andstæðing, Richelieu kardínála, sem þá var valdamesti maðurinn í landinu, og því fór sem fór. Um þetta mál hafa verið skrifaðar margar bækur, nokkrar kvikmyndir gerðar og ein ópera samin, og hafa menn velt ýmsu fyrir sér. Því hefur verið haldið fram að fyrir Richelieu hafi vakað annað og meira en að hefna fyrir einhverjar gamlar væringar, hann hafi viljað nota þetta mál til að gera tilraun, sem sé til að kanna hvort hann gæti notað galdraákærur til að berja niður pólitíska andstæðinga sína. Það gat virst nokkuð auðvelt að fyrra bragði, svo mjög óttuðust menn þá pokurinn og hans bellibrögð. Eigi að síður hafi kardínálinn litið svo á að niðurstaða tilraunarinnar væri neikvæð, það væri of varasamt og vandmeðfarið að beita þessari aðferð í pólitískum tilgangi. Þannig má vera að með dauða sínum hafi Urbain Grandier óbeint komið í veg fyrir að Frakkland yrði á þessum tíma enn skelfilegra lögregluríki en það þó varð.

Á Íslandi hefur einnig verið

EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Frjálshyggjan og ábyrgð

gerð tilraun undanfarin ár, tilraun með það hvernig óbeisluð frjálshyggja virki í raun, hvaða afleiðingar það hafi á þjóðfélagið ef farið er eftir kokkabókum hennar. Og margir munu nú líta svo á, eins og kardínálinn, að niðurstöður tilraunarinnar hafi verið neikvæðar. Kannske reyna þeir að hugga sig eilítið við að örlög Íslendinga geti orðið öðrum víti til varnaðar og þeir muni þakka okkur fyrir að hafa orðið til að sýna fram á ógöngurnar. En vera má að túlkunin á niðurstöðunum fari eftir sjónarhorninu. Ekki er að efa að frá sjónarmiði þeirra óláu sem verða nú að borga brúsann af æfintýrinu, eru kannske orðnir atvinnulausir eða gjaldþrota, búnir að missa húsnæðið, sitja fastir í skuldafeni og verða auk þess að borga einhvern klakasparnað sem enginn hafði heyrt nefndan, - frá sjónarmiði þeirra sé niðurstaðan í hæsta máta neikvæð.

En frá sjónarmiði frjálshyggjumanna kann niðurstaðan að líta allt öðru vísi út og vera í rauninni hin jákvæðasta, a.m.k. enn sem komið er. Það hefur sem sé komið í ljós, að auðvelt var að afhenda fáeinum ólígörkum opinber fyrirtæki, banka og allar þær eignir sem nöfnum tjáir að nefna, án þess að nokkur gæti hindrað það, leyfa þeim að valsa með þetta allt að vild, fara á ábyrgðarlaust fjármálafyllirí, og um fram allt koma peningunum í öruggt skjól þar sem enginn mun nokkru sinni finna þá utan ólígarkarnir sjálfir. Það hefur einnig sýnt sig að auðvelt var fyrir þessa sömu ólígarka að láta greipar sópa um sparifé manna og láta ábyrgðina falla á aðra. Og ekki verður betur séð, að svo komnu máli, en að þessir fáu ólígarkar og handlangarar þeirra geti komið sér undan því að bera nokkra ábyrgð á gerðum sínum, ef einhver mál eru höfðuð eru það helst meiðyrðamál ólígarkanna sjálfra gegn þeim sem hafa vakið máls á brambolti þeirra. Hér úti í hinum stóra heimi virðist heldur enginn hafa minnstu trú á að nokkur frjálshyggjukóngur verði nokkru sinni tekinn á nokkurt bein. Síðast en ekki síst er það nú að koma í ljós æ skýrar að ný stéttaskipting er að myndast, milli fáeinna ofurauðkýfinga og almennings sem býr sífellt við verri kjör, öryggisleysi og hranalega meðhöndlun. Og sumir segja að til þess hafi leikurinn æfinlega verið gerður í frjálshyggjuæfintýrinu.

Vafalaust hefðu sumir ólígarkarnir viljað halda ballinu áfram lengur, fá sér nokkra snúninga í viðbót, því þótt þeir væru enn að flytja burtu peninga þegar klukkuna vantaði fáeinar mínútur í hrun, höfðu þeir enn þá mið til að róa í, auðlindir sem þeim hafði ekki enn tekist að góma, og kannske áætlanir um klakasparnað í enn fleiri löndum. En fyrir þá er ekki öll von úti enn, svo er að sjá að fjölmiðlamenn hér úti búist við því að frjálshyggjumenn um víða veröld ætli sér að fara að dæmi Tarsans, sem voldug sýning er nú helguð í París: þeir ætli að snúa aftur. Í frumskóginn.

Norrænt velferðarkerfi á Íslandi II

UMRÆÐAN

Guðmundur Magnússon skrifar um kreppu og kjaraskerðingu



GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Nú er mikilvægt að ná peningum frá fjármagnseigendum (næst að vísu ekki í það sem er á Tortóla). Allir þeir peningar sem liggja til ávöxtunar í fjármálastofnunum eru því skattlagðir með s.k. fjármagnstekjuskatti sem tekinn er bæði af vöxtum og verðbótum. Auk þess verða lífeyrisþegar fyrir skerðingum á bótum almannatrygginga ef að fjármagnstekjur fara upp fyrir um 98.000 kr. á ári. (tvísköttun!) Þannig að 20% verðbólga í vetur var ágóði ríkissjóðs. Varasjóður lífeyrisþega á verðtryggðri bók að upphæð u.þ.b. 500 þús. kr., kláraði frítekjumarkið og það sem var umfram skerti bætur hans frá Tryggingastofnun ríkisins, sem felldi jafnvel niður bótaflokk og þar með réttindi til niðurgreiðslu á sjúkraþjálfun, svo dæmi sé tekið. En þetta eru nú bara öryrkjar sem hafa hvorki meðallaun né heimili en svífa einhvers staðar í lausu lofti ofan og utan við samfélag „venjulegs fólks“!

Eins og að framan greinir er fjármagnstekjuskatturinn reiknaður bæði af vöxtum og verðbótum, sem er hrein eignaupptaka. Það væri eðlilegt að reikna af raunvöxtum og ætti ekki að vera neitt flókið á tölvuöld.

Tökum dæmi: Kona nokkur er að safna fyrir fremur dýrri tannaðgerð, en nær aldrei markinu. Því jafnframt að greiða skatt af verðbótunum, sem skerðir í raun höfuðstólinn, koma þær einnig til skerðinga á lífeyrinum. Þetta er viðbót við þær skerðingar sem urðu 1. júlí vegna atvinnutekna eða lífeyrissjóðstekna.

Þegar kjör öryrkja eru borin saman við aðra hópa í samfélaginu er mikilvægt að muna að hér er oft um ævitekjur að ræða, sem ekki er auðvelt að auka með annarri vinnu, eða að sjá fram á bættan fjárhag. Lífeyrisþegar skorast ekki undan ábyrgð og eru reiðubúnir að taka á sig sinn skerf af byrðunum, en það er fráleitt að ætlast til að þeir borgi hlutfallslega mest!

Höfundur er varaformaður ÖBÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

LOKSINS

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM EFTIR STIEG LARSSON

BIÐIN ER Á ENDA!



ALÞJÓÐLEG METSÖLUBÓK!

1. PRENTUN KOMIN Í VERSLANIR



KEMUR ÚT Í NÓVEMBER

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

GRETA GARBO FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI.

„Lífið gæti verið yndislegt ef við aðeins vissum hvernig við ættum að haga því.“

Sænska leikkonan Greta Garbo (1905-1990) gerði garðinn frægan með myndum á borð við Queen Christina (1933) Anna Karenina (1935). Frægt var þegar Garbo dró sig fyrirvaralaust í hlé frá kvikmyndaleik árið 1941 og sást ekki á hvíta tjaldinu eftir það.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐST: 18. SEPTEMBER 1976

Maó lagður til hinstu hvílu

Maó Zedong (26. desember 1893-9. september 1976) var kínverskur marxisti og pólitískur leiðtogi Kína.

Hann tók þátt í stofnþingi Kommúnistaflokks Kína árið 1921. Hann var síðan skipaður formaður Kommúnistaflokks Kína á 7. flokksþingi hans árið 1945. Kommúnistaflokkurinn stofnaði Alþýðulýðveldið Kína árið 1949 undir forystu Maós. Var hann leiðtogi þess til dauðadags árið 1976.

Maó er mjög umdeildur leiðtogi og hefur einkum í seinni tíð verið gagnrýndur fyrir að standa fyrir menningarbyltingunni svokölluðu sem er talin hafa haft neikvæð áhrif á menningu Kínverja.

Síðustu ævidaga sína á Maó að hafa harmað að hafa ekki náð að breyta Kína í það heimsveldi sem hann hafði ætlað sér. Hann hélt skýrri hugsun allt til dauðadags en heilsu hans hafði hrakað í nokkra mánuði áður en hann lét lífið 9. september 1976. Útförin fór fram í Peking 18. september það ár.

Heimild: www.wikipedia.org

MERKISATBURÐIR

1699 Jón Vídalín biskup gengur að eiga Sigríði Jónsdóttur frá Leirá. Athöfnin fer fram í Skálholti.

1810 Sjálfstæðisdagur Chile.

1911 Pétur Stolypin, forsætisráðherra Rússa, er skotinn fyrir utan óperuhúsið í Kænugarði.

1931 Mukden-atburðurinn í Mansjúríu veitir Japönum átyllu til þess að ráðast á Kína.

1968 Knattspyrnukappleik Vals gegn portúgalska liðinu Benfica lýkur með markalausu jafntefli. Áhorfendur eru 18.243 sem er vallarmet.

1981 Franska þingið afnemur dauðarefsingu.

1984 Kröflueldum lýkur en þeir höfðu staðið frá 1975.

AFMÆLI

ALLISON LOHMAN leikkona er þrítug.

JADA PINKETT SMITH leikkona er 38 ára.

LANCE ARMSTRONG hjólreiðamaður er 38 ára.

EINAR MÁR GUÐMUNDSSON rithöfundur er 55 ára.

BADDI Bjarni Lárus Hall heldur upp á þrítugsafmælið sitt í kvöld, skömmu eftir úrslitaþátt Popppunkts. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BJARNI LÁRUS HALL: FAGNAR ÞRÍTUGSAFMÆLI

Hættur við að verða fullorðinn

Bjarni Lárus Hall, eða Baddi í hljómsveitinni Jeff Who?, heldur upp á þrítugsafmælið sitt í kvöld. Veislan verður haldin á annarri hæð Priksins og þangað verður helstu vinum og vandamönnum boðið.

„Ég er alltaf hræddur um að gleyma einhverjum og ætla að reyna að láta þetta spyrjast út meðal fólks. Ef það eru einhverjir þarna úti sem ég gleymdi að bjóða þá er fínt að nota tækifærið og bjóða þeim,“ segir Baddi. Hann ætlar ekki að syngja með hljómsveitinni í afmælinu og vill miklu frekar sinna gestunum eins vel og kostur er. „Hljómsveitin verður þarna en ég efast um að við spilum nokkuð. Ég efast líka um að Jeff Who? fari á fóninn. Vinir mínir mæta alveg nógu mikið á tónleika. Ég vil ekki íþyngja þeim í afmælinu líka.“

Badda líst ágætlega á að verða þrítugur og kvíðir því engan veginn. „Ég ætlaði alltaf að verða fullorðinn þegar ég yrði þrítugur en þá var allt í svo góðu ástandi í þjóðfélaginu. Núna sé ekki mikinn tilgang í því að verða fullorðinn og setjast fyrir framan tölvuskjá. Ég get verið ungur áfram.“

Baddi heldur bara upp á stórafmælin sín og síðast hélt hann upp á 25 ára afmælið á skemmtistaðnum Sólon. Hann óskar ekki eftir neinu sérstöku í afmælisgjöf, nema þá helst vinaböndum sem hægt er að setja um úlnliðinn. „Ef það er eitthvað sem skilur eitthvað eftir sig er það vinaband. Þau eru ódýr líka.“

Áður en afmælisveislan hefst í kvöld taka Baddi og félagar í Jeff Who? þátt í úrslitakvöldi Popppunkts í beinni útsendingu í Sjónvarpinu. Spurður hvort hann ætli ekki að sigra í tilefni dagsins kemur hik á hann: „Ég hef tvisvar sinnum fallið úr efstu deild í fótbolta á afmælisdaginn og við erum að fara að keppa við Ljótu hálfvitana. Það er frekar ólíklegt að það verði breyting þar á,“ segir hann og hefur greinilega sætt sig við bölvunina sem virðist fylgja afmælisdeginum. „Það er allt í lagi, fall er fararheill.“

freyr@frettabladid.is

FYRSTA NÁMSKEIÐIÐ Á þessari mynd má sjá þátttakendur á fyrsta Gilwell-námskeiðinu, sem haldið var fyrir hálfri öld.

Gilwell-skólinn fimmtíu ára

Í haust eru fimmtíu ár liðin frá því að fyrsta Gilwell-námskeiðið var haldið hérlendis. Gilwell-námskeiðin eru alþjóðleg foringjaþjálfun skáta, sem Baden Powell kom á fót árið 1919.

Þjálfunin var upphaflega eingöngu ætluð þeim sem störfuðu með kvenskátum en Ísland var meðal fyrstu landa í heiminum til að sameina starf drengja- og kvenskáta í skátafélögum og einu bandalagi.

Fyrsta námskeiðið, sem haldið var 19. til 27. september 1959, sóttu 24 en alls hafa um 800 sótt slík námskeið á Íslandi.

Af þessu tilefni verður haldin Gilwell-hátíð á Úlfljótsvatni 19. september. Hátíðin verður opin öllum sem sótt hafa námskeiðin um árin, sem og öllum sem áhuga hafa á starfi skátahreyfingarinnar.

†

Ástkær sambýlismaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir, afi og frændi,

Sigurður Karlsson

verktaki, Fagurgerði 2b, Selfossi,

sem lést á lungnadeild Landspítalans Fossvogi fimmtudaginn 10. september, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 19. september kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinson-samtökin, reikningur 0111 26 25, kt. 461289 1779.

Ingunn Guðmundsdóttir
Bergljót Snorradóttir
Sigurður Dagur Sigurðarson — **Sigríður Sif Magnúsdóttir**
Karl Áki Sigurðarson
Snorri Sigurðarson — **Fjóla Kristinsdóttir**
Gauti Sigurðarson — **Kolbrún María Ingadóttir**
Þórarinn Karl Gunnarsson — **Kolbrún S. Hansdóttir**
barnabörn og aðrir aðstandendur.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, dóttur og ömmu,

Bryndísar Ragnarsdóttur

Jaðarsbraut 25, Akranesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á blóðlækningadeild 11 G fyrir frábæra umönnun.

Halldóra Sigríður Gylfadóttir — **Leó Ragnarsson**
Hrefna Björk Gylfadóttir — **Stefán Bjarki Ólafsson**
Elva Jóna Gylfadóttir — **Elmar Björgvin Einarsson**
Ragna Borgþóra Gylfadóttir — **Arild Ulset**
Erna Björg Gylfadóttir — **Þórður Guðnason**
Bryndís Þóra Gylfadóttir — **Sigurður Axel Axelsson**
Elísa Rakel Jakobsdóttir
og ömmubörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Björg Bogadóttir

Hverafold 19, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 18. september kl. 13.00.

Stefán Stefánsson
Elín Pálsdóttir — **Vigfús Þór Árnason**
Karólína Sigfríð Stefánsdóttir — **Þórður Björgvinsson**
Stefán Bogi Stefánsson
ömmu- og langömmubörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

VEITINGASTAÐURINN RÁIN í Keflavík verður tuttugu ára á morgun. Af því tilefni verður haldin glæsileg afmælisveisla og boðið verður upp á forrétt, steikarhlaðborð, kaffi og líkjör á aðeins 4.500 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

4ra rétta tilboð

og nýr A la Carte

· **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·

· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·

· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·

* EÐA *

· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·

· **Skyr "Tonka crème brûlée"** með karamelluís ·

6.990 kr.

Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.

Glas af eðalvíni

Barolo „Ornato" 2004 | Ítalía.

Chablis Grand Cru „Les Clos" 2005 | Frakkland

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **16 eðalvínum** með mat. Verð frá 1.050-3.700 kr.

Sjá nánar á perlan.is.

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Guðrún Lovísa Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur og líkamsræktarfrömuður, er mikill sælkeri og segist njóta þess að borð óholla fæðu og hreyfa sig þeim mun meira. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skemmtilegast að gera einfalda og óholla rétti

Guðrún Lovísa Ólafsdóttir segist vera heldur ósjálfbjarga í eldhúsinu og því kjósi hún helst einfaldar uppskriftir. Skyrmarengsinn þarfnast lítils undirbúnings og tekur aðeins hálftíma að útbúa.

„Ég er ekki þekkt fyrir nein stórafrek í eldhúsinu og finnst alltaf skemmtilegast að baka eða gera eitthvað óhollt," segir Guðrún Lovísa Ólafsdóttir, eigandi og þjálfari hjá Fullfrísk. „Við í fjölskyldunni erum miklir sælkerar og til að geta leyft mér alla þessa óhollustu hreyfi ég mig þeim mun meira. Þannig er ég til dæmis búin að kenna tvo tíma í dag og er að fara í rope-jóga eftir smástund. Ég má því vel borða sætindi."

Uppskriftina fékk Guðrún Lovísa hjá vinkonu sinni og hefur oftsinnis útbúið hana. Ekki þarf að nota ofn, hellur eða annað og því er rétturinn tilvalinn til að útbúa með krökkum. „Sonur minn sá um að skera niður ávextina og ég leyfi mér að kaupa marengsbotnana í stað þess að baka þá sjálf," segir Guðrún og segist þá njóta þess enn frekar að útbúa góðgætið með börnunum.

juliam@frettabladid.is

SKYRMARENGS

2 hvítir marengsbotnar (gott að hafa líka með kókosbragði)
5-6 stk. Mars-súkkulaði
2 plötur suðusúkkulaði
ávextir að eigin vali, svo sem kíví, jarðarber, rauð vínber og bláber
½ l rjómi
½ l vanilluskyr
½ poki af hrískúlum

Setjið marengsbotnana í fat og brjótið þá niður. Skerið gróft niður Mars- og suðusúkkulaði. Skerið einnig ávextina. Þeytið rjómann og hrærið að því loknu vanilluskyrinu saman við rjómann. Blandið súkkulaðinu og rjómaskyrblöndunni saman og hellið yfir marengsinn. Dreifið ávöxtunum og hrískúlunum yfir.

LANGASANDSKEPPNIN 2009 í mótokrossi verður haldin á Akranesi laugardaginn 19. september. Keppni hefst klukkan 10.30 en keppt verður í nokkrum flokkum. Þá verður einnig haldin sívinsæl prjónkeppni. www.msisport.is

NÝKOMNIR AFTUR
OFUR VINSÆLU AÐHALDS BOLIRNIR

teg. Tanktop - í stærðum S,M,L,XL,2X,3X,4X
litur: húðlitur, verð kr. 5.850,-"

Misty
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Færa indverskt krydd inn í íslenska tilveru

Indversk matarvika með menningarívafi stendur yfir á Grand Hóteli í samvinnu við indverska sendiráðið. Tveir gestakokkar frá fínustu veitingastöðum Indlands laða fram kryddaðar og ljúffengar kræsingar.

Á Grand Hóteli Reykjavík er ekta indversk stemning og verður fram á fimmtudag í næstu viku. Fyrst ber að nefna framandi mat sem mun gleðja gesti og fylla sali af höfugum ilmi. Í kvöld sýnir danshópur þjóðlega indverska dansa meðan á borðhaldinu stendur og myndir frá Indlandi verða sýndar á skjá í matsalnum alla dagana sem veislan stendur. Einnig verða tvær Bollywood-myndir á dagskrá næstu daga sem öllum býðst að sjá endurgjaldslaust.

Ingólfur Einarsson er aðstoðarhótelstjóri á Grand. Hann segir indverska sendiráðið hið þriðja í röðinni sem hótelið vinnur með. „Það var valið vegna áhuga á Indlandi sem við höfum fundið fyrir hjá okkar gestum og ekki síst Íslendingum," segir hann.

Matreiðslumeistarana tvo, Jitender Himral og Mohd Ismail, segir hann koma af Ashoka, fimm stjörnu hóteli í Delí. Einnig hafi þeir matreitt á mörgum flottustu veitingastöðum landsins og annast opinberar móttökur og veislur. „Þeir koma með alls kyns krydd og fínerí með sér og verða hér yfir pottunum í eina viku. Hér verður hádegishlaðborð alla daga og matseðill á kvöldin sem samanstendur af um þrjátíu réttum. Þetta er flókin matargerð en á að vera brot af því besta frá þeirra heimalandi."

Þeir efna til veislu, Vignir Hlöðversson, yfirmatreiðslumaður á Grand Hóteli Reykjavík, Jitender Himral og Mohd Ismail, ásamt Ingólfi Einarssyni aðstoðarhótelstjóra.

Kvikmyndirnar tvær sem Íslendingum býðst að sjá frítt eru Devdas frá 2002 og Lagaan 2001. Sú síðarnefnda er ein frægasta mynd Indverja og hefur hlotið tvenn verðlaun á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum. „Þær verða sýndar klukkan sex og níu á hverju kvöldi fram á fimmtudag. Þannig geta matargestir notið þess að sjá myndirnar öðru hvoru megin við máltíðina ef þeir vilja en menn geta líka komið í bíóið án þess að borða," lýsir Ingólfur. Hann segir komandi daga leggjast vel í sig. „Maður finnur svo vel hvað áhuginn er mikill hjá Íslendingum fyrir þessu indverska og það er ofboðslega gaman að fá kokka frá Indlandi. Þannig verður þetta eins indverskt og hægt er að hafa það. Okkar kokkar verða þeim til aðstoðar og læra auðvitað í leiðinni."

gun@frettabladid.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Fatasöfnun
Rauða kross Íslands

Er fatapokinn kominn til þín?

Rauði kross Íslands í samvinnu við Eimskip, Pósthúsið og SORPU dreifa nú sérmerktum fatapokum um allt land til að auðvelda landsmönnum að taka til hjá sér og koma gömlum fatnaði í endurvinnslu. Með því að gefa fatnað leggur fólk Rauða krossinum lið og styrkir neyðaraðstoð bæði hér á landi og erlendis.

Alls ekki henda ónýtum fatnaði eða öðrum efnisbútum!

- Við tökum líka við ónýtum fatnaði sem við seljum í endurvinnslu
- Handklæði, dúkar, gardínur og slíkt eru einnig verðmæti fyrir okkur
- Tökum ennfremur við skóm, töskum, leikföngum og annarri smávöru

Stuðlum að aukinni endurvinnslu og endurnýtingu!

EIMSKIP
Yfir hafið og heim
styrkir birtingu þessarar auglýsingar

Rauði kross Íslands
Fatasöfnun

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 18. september 2009

„ÉG ER HÁLFGERÐUR BRJÁLÆÐINGUR“

Hildur Björnsdóttir, formaður Stúdentaráðs, er vön að hafa mörg járn í eldinum. Hún stundar meistaranám í lögfræði, berst fyrir hagsmunum stúdenta og á von á sínu fyrsta barni strax á nýju ári.

SKINKUPARTÍ Á JACOBSEN

Erna Bergmann og Óli Hjörtur skinka sig upp fyrir laugardagskvöldið

FELL OFTAST FYRIR BLEIKU

Kíkt inn í fataskápinn hjá Jónu Ottesen

GUS GUS OG NIKITA HALDA TEITI

Allsherjar útgáfupartí á Laugaveginum

MARGMIÐLUNARSPILARI

UNITED MEDIA SPILARI 720/1080i

United HD MMP 9530

720P/1080i HD 3.5" margmiðlunarspilari með 640GB WD Greenpower hörðum diski, HDMI, Optical og Composite tengjum, innbyggðum SD/MMC kortalesara ásamt USB Uplink. Fullkomin fjarstýring og aðgerðatakkar á framhlið.

Kr. 27.950

640GB DISKUR

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

núna

fylgist vel með

helgin MÍN

EFTIR VINNU Á FÖSTUDAG fer ég í skólann á Bifröst en það er fyrsta vinnuhelgi vetrarins í náminu mínu. Ég er mjög spennt yfir að hitta skólafélaga mína aftur því við eyddum lunganu úr sumrinu saman á Bifröst. Eftir nokkra fyrirlestra fer ég í bæinn á laugardag þar sem ég tek þátt í leynilegri skemmtidagskrá nokkurra-stelpna-mafíu sem endar með ind-versku matarboði. Ætli ég reyni ekki að vera góð mamma á sunnudaginn.



Saga í Dazed & Confused

Ljósmyndaneminn Saga Sigurðardóttir er að gera það gott í London þar sem hún hefur myndað fyrir hin ýmsu tískutímarit. Nýjasta rósin í hnappagatið er þó glæsilegur tískuþáttur sem hún myndaði fyrir hipp og kúl-blaðið Dazed and Confused. Saga er ekki einu sinni útskrifuð úr skólanum enn þá þannig að búast má við stórum hlutum frá henni í framtíðinni.

Pétur slær í gegn

Tónlistarmaðurinn Pétur Eyvindsson, betur þekktur sem DJ Musician, sló rækilega í gegn um síðustu helgi á Bakkusi þar sem hann hélt útgáfuteiti á plötunni Sehr Gut Cocktail. Margmenni dansaði við þýska-landsskotið gleðiteknó og mátti þar sjá Sigtrygg Berg Sigmarsson listamann, Björn og Einar Sonic í Singapore Sling, Hafstein Mikael listmálara, Þorgeir Guðmundsson kvikmyndagerðarmann, Gylfa Blöndal, Snorra Ásmundsson og Söru Björnsdóttur.

þetta HELST

ERNA BERGMANN OG ÓLI HJÖRTUR HALDA SKINKUPARTÍ Á JACOBSEN

ERUM **ALVARLEGA** AÐ SPÁ Í **BRÚNKUMEÐFERÐ**

Þetta er nú hálfgerður einkahúmor hjá okkur," útskýrir Óli Hjörtur Ólafsson, skemmtanastjóri hjá Jacobsen, en hann ætlar ásamt vinkonu sinni, Ernu Bergmann að halda „skinkupartí" á laugardagskvöldið. Þeim til skýringar sem ekki kannast við hugtakið skinka þá er það orð notað yfir ljósbrúna, litaða og léttklædda tegund af kvenmanni, svona svipað og hnakki er fyrir karlkynið. „Við Erna höfum oft djókað með þetta hugtak, eins og til dæmis „að skinka sig upp" fyrir djammið og datt í hug að slá þessum djók upp í allsherjarpartí. Við verðum með skinkusalat á boðstólum með Ritz-kexi og erum alvarlega að spá í að brúnka okkur upp fyrir kvöldið. Við verðum svo með „skinku-off" keppni þar sem besta og mesta skinkan fær vegleg verðlaun." Erna veit ekki hvort hún muni leggja í allsherjar skinkulúkk. „ Ég kannski mála mig aðeins skinkulegra en vanalega," segir hún og skellihlær. Tónlistin er að sjálfsögðu í færum höndum Óla Hjartar og Ernu. „Hún verður allur skalinn af því sem skinkur myndu venjulega hlusta á," útskýrir Óli Hjörtur. „Þetta verður R&B og alls konar en ekkert jaðarrokk, skinkur vilja ekki svoleiðis." Aðspurður hvort hann aðhyllist venjulega skinkulúkkið fyrir konur neitar hann því. „Nei, ég myndi alls ekki mæla með því. Að vera skinka er svona botninn á hallærislegheitunum." - amb

Partíið hefst á Jacobsen, Austurstræti á miðnætti og það kostar 500 krónur inn.

Myndu ekki mæla með skinkulúkkinu Erna og Óli Hjörtur verða í góðu stuði á laugardagskvöldið á Jacobsen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Arnar, Aníka og Matti
bjóða ykkur velkomin

Opið virka daga
9⁰⁰ - 18⁰⁰
Laugardag
9⁰⁰-13⁰⁰

SALON REYKJAVÍK
Sími: 568 5305 • Grandagarði 5

Nikitagarðurinn Opnunarteiti Nikita og útgáfutónleikum GusGus verður slegið saman í eitt gott partí að Laugavegi 56 á laugardagskvöld. MYND/NIKITA

Margt um að vera í bakgarðinum á Laugavegi 56:

GusGus og Nikita halda partí á laugardag

„Þetta verður örugglega mega stemning," segir Heiða Birgisdóttir, kennd við Nikita, um sameiginlegt partí GusGus og Nikita á laugardagskvöldið.

Partíið verður haldið í tilefni af opnun verslunar Nikita að Laugavegi 56 og útgáfu nýrrar breiðskífu frá GusGus. Á bak við verslunina er skemmtilegur bakgarður þar sem tónleikarnir fara fram.

Partíið byrjar klukkan níu og Heiða hvetur fólk til að mæta tímanlega, því tónleikarnir byrji fljótlega upp úr því. Opið verður inn í verslunina svo gestir geta skoðað hvað Nikita hefur að bjóða.

Í nýju versluninni verður til sölu bæði hversdagsfatnaður og snjóbrettaföt. Heiða er ánægð með að komið sé að opnun. „Við finnum það að margir eru mjög spenntir fyrir þessu. Við verðum með stóran hluta af línunni okkar, bæði „street wear" og snjóbrettaföt." - hhs

augnablikið

RITSTÝRA FRANSKA VOGUE, CARINE ROITFELD mætti glæsilega til fara á tískuvikuna í New York sem nú stendur yfir.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Ritstjórn Anna M. Björnsson **Forsíðumynd** Anton Brink
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Glæsilegir stólar á frábæru verði

35.900,-

35.900,-

35.900,-

3.490 ,-

3.490,-

3.490,-

Skjaldbaka
990,-

Púðar í fjölmörgum litum

Gjafapokar 190 ,-

Hangandi stjaki
1.390,-

Olíulampar
1.390,-

Fíll lukt hvítur
2.490,-

Fíll kertastjaki 2.990,-



Fílasnagar 1.490,-

390,-

Ilmolíur
1.190,-

Vorum að taka upp mikið úrval af framandi gjafavöru

líttu á verðið!

the PIER kemur stöðugt á óvart ...

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

LIFIR TVÖFÖLDU LÍFI

Þegar *Hildur Björnsdóttir*, formaður Stúdentaráðs, var lítil ætlaði hún að verða forsætisráðherra, Ungfrú Ísland og fimm barna móðir þegar hún yrði stór. Með aldrinum breyttust plönin, öll nema eitt, en Hildur gengur nú með sitt fyrsta barn.

Viðtal: **Hólmfríður H. Sigurðardóttir**
Ljósmyndir: **Anton Brink**

Erfingi á leiðinni Hildur gæti vel eignast fyrsta barn ársins 2010 en settur dagur er 2. janúar. Hún lætur þó ekki meðgönguna hægja á sér og stundar meistaranám í lögfræði samhliða starfi sínu sem formaður Stúdentaráðs.

Ég á að eiga 2. janúar. Auðvitað veit maður aldrei hvernig barn maður fær en ef ég verð heppin ætla ég bara að halda áfram í skólanum strax eftir áramótin," segir Hildur Björnsdóttir, formaður Stúdentaráðs, sem er gengin rúmlega fimm mánuði á leið með fyrsta barn sitt og unnustans, Jóhanns Más. Það er metnaðarfull áætlun að vera í meistaranámi samhliða því að sjá um hvítvoðung. En það er Hildar háttur að lifa tvöföldu lífi. Þegar hefur hún lokið tveimur háskólagráðum, í lögfræði og stjórnmálafræði, þótt hún sé ekki eldri en 23 ára. Undanfarna mánuði hefur hún haft í nógu að snúast sem formaður Stúdentaráðs en hún leggur jafnframt stund á meistaranám í lögfræði. „Ég er hálfgerður brjálæðingur og þarf alltaf að hafa nóg að gera. En reyndar hafði ég hugsað mér að slaka á einu sinni og vera bara í námi eftir að starfi mínu sem formaður lyki. En þá varð ég ólétt."

FIMM BARNA MÓÐIR

Barnið í maganum var því óvæntur útúrdúr í lífi Hildar, sem hefur hingað til kappkostað að halda þétt um stjórnartauma lífs síns. „Ég hef planað líf mitt í þaula frá því ég var lítil og hef alltaf vitað hvert ég var að fara. En það var ekki á dagskránni að eignast barn strax. Mér leið meira að segja hálfpartinn eins og þetta yrði hneykslismál því mér fannst ég svo ung. En svo var það auðvitað ekki og við erum mjög ánægð. Þegar ég var lítil ætlaði ég að verða fimm barna móðir, forsætisráðherra og Ungfrú Ísland. Ef ég ætla að ná að eignast þessi fimm börn þá er eins gott að byrja strax." Hin plönin hafa gufað upp með tímanum. „Ég gagnrýni ekki stelpur sem ákveða að fara í fegurðarsamkeppni, það er bara ekki fyrir mig. Og pólitíkin heillar ekki, að minnsta kosti ekki eins og er. Hún snýst allt of mikið um nornaveiðar og grimmd. Mér finnst þetta ekki virka mjög gefandi og ég finn til með fjölskyldum þeirra stjórnmálamanna sem eru í þessu stríði."

VIRÐING FYRIR HÚSMÆÐRUM

Það er ekki skrýtið að Hildi langi til að eignast mörg börn. Sjálf kemur hún úr stórri og náinni fjölskyldu. „Við erum sex systkinin, þrír strákar og þrjár stelpur. Það voru mikil forréttindi að alast upp í svona stórum systkinahópi."

Pabbi Hildar, Björn Ingi Sveinsson, er framkvæmdastjóri Kleos og mamma hennar, Katrín Gísladóttir, er listfræðinemi og húsmóðir, enda nóg að gera á svo stóru heimili. „Ég ber mikla virðingu fyrir húsmóðurstarfinu. Við systkinin græddum mjög mikið á því að fá að hafa mömmu heima og hún hjálpaði okkur mikið. Við vorum til dæmis öll snemma búin að læra að reikna og lesa." Hún stefnir þó ekki sjálf á að vera heima, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn. „Ég held það sé frábært að vera heima með börnunum sínum og upplifa þau upp á hvern einasta dag. En mamma hefur alltaf alið okkur systurnar upp í því að það sé mikilvægt að við menntum okkur svo við getum séð fyrir börnunum okkar ef við missum maka okkar eða lendum í skilnaði. Svo ég ætla mér að vinna. Ég hef stundum verið að grínast með að ég þyrfti að eignast mann sem er til í að vera húsfaðir. En það er víst ekki á dagskránni hjá mínum."

Hildi þykir margt á nútímakonuna lagt. „Við eigum að mennta okkur og vinna, af því nú getum við það. En við eigum líka að vera svakalega góðar húsmæður og æðislegar mæður. Stundum hugsa ég með mér að ég vildi að ég hefði fæðst á nítjándu öld. Þá gæti ég slakað aðeins á og verið ánægð með að vera „bara" húsmóðir."

> *„Mér finnst fylkingarígur í hagsmunabaráttu stúdenta kjánalegur. Við erum yfirleitt að berjast fyrir sömu hlutunum og ef við myndum bara taka höndum saman værum við miklu sterkari."*

KJÁNALEGUR FYLKINGARÍGUR

Hildur situr í Stúdentaráði í nafni Vöku, sem hefur löngum verið tengt Sjálfstæðisflokknum. Því liggur beint við að spyrja hvort hugurinn hneigist til hægri. „Tenging Vöku við Sjálfstæðisflokkinn er ævaforn og á alls ekki við í dag. Ég hef þó aldrei bundið mig við neinn stjórnmálaflokk og ég segi ekki frá því hvað ég kýs. Ég er mjög leyndardómsfull hvað þetta varðar. En ég er í stúdentapólitíkinni fyrst og fremst af því ég hef áhuga á hagsmunabaráttu stúdenta."

Vaka var samt augljós kostur í hennar huga þegar kom að því að velja fyrir hvaða félag skyldi vinna. „Ég skoðaði bæði félögin vel og mér leist betur á Vöku en Röskvu. Aðallega vegna þess að ég er andvíg kynjakvótum og fléttulistum. Ég kæri mig ekki um forskot byggt á því að ég sé kona. Ég vil vera metin eftir hæfni og verðleikum. En mér finnst fylkingarígur í hagsmunabaráttu stúdenta kjánalegur. Við erum yfirleitt að berjast fyrir sömu hlutunum og ef við myndum bara taka höndum saman værum við miklu sterkari. Samstarfið við Röskvu hefur samt verið ágætt, þótt auðvitað séu alltaf einhver átök. Til dæmis þrætur um það hver á heiðurinn að umbótum, í stað þess að gleðjast þegar góðir hlutir nást í gegn. En ég reyni að taka ekki þátt í því.

* bak við tjöldin

Draumadagur í hnotskurn: Í fjarlægu landi með hagstæðu gengi og fallegum verslunum – símalaus, netlaus og áhyggjulaus.

Skemmtilegast að gera: Baka kökur, kaupa skó og ferðast með uppáhaldsfólkinu mínu.

Leiðinlegast að gera: Horfa á fótbolta og vera veik. Þyrfti ég að gera bæði í einu yrði ég líklega öll!

Besti maturinn: Ítalskur. Nema nammi sé matur?

Uppáhaldsdrykkurinn: Klakavatn með sítrónu.

Besta bíómyndin: Fellowship of the Ring, Pulp Fiction og Forrest Gump. Allar bestar.

Fyrirmyndin í lífinu: Foreldrar mínir.

Uppáhaldsstaðurinn: Oddagata 15 á Akureyri, fyrrum heimili ömmu og afa. Þaðan á ég margar af mínum bestu æskuminningum.

Mér finnst merkilegt að fólk reyni að snúa stúdentapólitík upp í eitthvað svona. Það er það leiðinlegasta við þetta. Og það er einmitt þetta sem mér finnst fráhrindandi við pólitík.“

ALLTAF BERJANDI Í BORÐIÐ

Verkefni Stúdentaráðs eru ærin og Hildur efast um að starf formanns hafi nokkurn tímann verið eins krefjandi og nú. „Það er sífellt verið að skera niður í þjóðfélaginu og það bitnar auðvitað á okkur líka. Við þurfum stöðugt að vera að berja í borðið.“ Nýlega var sigur unninn þegar framfærsla námsmanna var hækkuð um tuttugu prósent. „Þetta var ákveðinn sigur fyrir okkur og ekki endilega eitthvað sem við gátum átt von á.“ Næst á dagskrá er að berjast gegn frekari niðurskurði í framlögum til Háskóla Íslands. „Það er okkar skoðun að það eigi ekki að skera niður í Háskólanum, á sama tíma og verið er að fjölga nemendum. Í dag gegnir Háskóli Íslands mjög mikilvægu uppbyggingarhlutverki í íslensku samfélagi og við verðum að standa vörð um það.“

En hvernig líst forystu Stúdentaráðs á fréttir af hugsanlegri sameiningu Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík? „Ég er ekki viss um að nemendur skólanna eigi eftir að taka þessu neitt sérstaklega vel. Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík voru síðustu tveir skólarnir sem maður bjóst við að myndu sameinast. En ég þarf að sjá ítarlega úttekt á því hvernig sameiningin ætti að fara fram, áður en ég mynda mér skoðun. Annars held ég að almennt sé samkeppni á milli háskóla af hinu góða. Tilkoma Háskólans í Reykjavík var til dæmis það besta sem gat komið fyrir Háskóla Íslands, sem varð samkeppnishæfari fyrir vikið.“

Nýlega bárust fréttir af því að á fjórða hundrað háskólanema hafi ranglega skráð sig atvinnulausa og stundað nám á meðan. Þetta kemur Hildi lítið á óvart. „Við vorum búin að benda á þetta í marga mánuði í baráttunni fyrir hærri námslánum. Kerfið er fáránlegt, atvinnuleysisbætur hafa um tíma verið 50 prósent hærri en námslán en þessar upphæðir ættu auðvitað að vera í mun meira samræmi. Þetta býður upp á að fólk reyni að fara á svig við kerfið. Það, að svona margir reyni að finna leiðir til að svindla á kerfinu, sýnir líka hvað námsmenn hafa það skítt. Þannig að ég undra mig ekki á því að þetta hafi komið upp, þó að ég réttlæti það ekki.“

NÝ LÍNA FRÁ BOBBI BROWN

Náttúrlegir gljáandi tónar fyrir haustið

Þær konur sem hafa einu sinni prófað Bobbi Brown snyrtivörur verða algerlega háðar þeim enda eru þær í senn eðlilegar, endingargóðar og einstaklega einfaldar í notkun. Bobbi Brown sérhæfir sig í farða sem lætur konuna líta út eins og hún sjálf er, bara fallegri, og notast mikið við náttúrulega litatóna. Nýja pallettann frá Bobbi fyrir haustið kallast einfaldlega „ Nudes Collection“ og samanstendur af gullfallegum tónum af beige, gráu, silfri, gulli og dökkgrábrúnum lit sem nefnist „caviar“. Kinnaliturinn sem kallast „shimmer brick“ er samansettur úr karamellu og gyllum tónum og veitir húðinni fallegan ljóma. Einnig eru í línunni kremaðir og mjúkir varalitir í náttúrulegum bleikbrúnum tónum og flottur blautur eyeliner sem endist allan liðlangan daginn. *- amb*

Nude Shimmer Brick
Andlitspúður/kinnalitur sem veitir húðinni frísklegan ljóma.

Nude Eye Pallette
Dásamlega fagrir augnskuggar sem klæða allar konur.

Creamy Lip Colour
Fjórir náttúrulegir varalitir í bleikbrúnum tónum.

tíðin

tíska og snyrtivörur

NÝI ILMURINN frá issey miyake, a scent, er yndislega tær, hreinn og ferskur í fallegri og einfaldri flösku.

Jóna Ottesen, nemi í New York:

FELL OFT FYRIR BLEIKUM FÖTUM

Getur þú lýst þínum stíl? Litríkur og margbreytilegur.

Hvað dreymir þig um að eignast í vetur? Töffaraskó, skólatösku og hlýja vettlinga.

Hvað keyptir þú þér síðast? Fullt af fötum í Gyllta kettinum, pels, kápu, leggings, boli, loðkraga og fleira. Keypti líka rosa flottan bol og leggings í Top Shop.

Uppáhaldsverslun? Gyllti kötturinn og allar „vintage"-búðirnar í New York.

Uppáhaldsfatamerki? Ég er ekki merkjafrík heldur elska bara flott föt, falleg mynstur og góð efni.

Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum? Já fullt! Fell of oft fyrir bleikum fötum!

Í hvað myndir þú aldrei fara? Tarkbuxur og magabol.

Guðfinnur segir að gjörningurinn verði væntanlega svolítið fyndinn, en Kilford hyggst mála hljóðheim hljómsveitarinnar á miðvikudagskvöld. Hann segist ekki ætla að setja sig í sérstakar stellingar fyrir málarann, sem fékk tóndæmi með hljómsveitum sem koma fram í Réttum og valdi í kjölfarið For a Minor Reflection.

„Við erum virkilega spenntir og bara mjög spenntir fyrir giggginu. Við vorum að klára að taka upp nýju plötuna og spilum bara ný lög á tónleikunum," segir Guðfinnur og útilokar ekki að nota útkomuna í umslagshönnun nýju plötunnar.

atlifannar@frettabladid.is

ROKKSTJÖRNUMÁLARI Kilford hefur málað tónlist kappa á borð við Brian Eno og Damon Albarn.

Reynolds í meðferð

Leikarinn Burt Reynolds, sem er meðal annars þekktur fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Smokey and the Bandit og Boggie Nights, er farinn í meðferð. Frá þessu er greint í The National Enquirer. Umboðsmaður leikarans sendi frá sér tilkynningu þar sem Reynolds er sagður háður verkjalyfjum. „Eftir erfiða bakaðgerð varð Reynolds háður sterkum verkjalyfjum. Hann hefur nú ákveðið að takast á við vandann og dvelur nú á meðferðarheimili í von um að ná bata. Reynolds vonar að reynsla hans verði öðrum í sömu aðstöðu til fyrirmyndar."

BURT REYNOLDS Leikarinn góðkunni er kominn í meðferð. Hann er háður verkjalyfjum.

Megan Fox ofbeldisfull

Leikkonan Megan Fox sagði í nýlegu viðtali við tímaritið Rolling Stone að hún væri sérstaklega skapstór. Hún sagði einnig að hún ætti það til að verða ofbeldisfull þegar hún rífst við unnusta sinn, leikarann Brian Austin Green. „ Ég hef þurft að segja við Brian: „Þú verður að hætta að tala núna og fara héðan, annars á ég eftir að drepa þig." Þess vegna mundi ég aldrei geyma skotvopn á heimilinu, ég mundi örugglega enda á því að skjóta hann í fótinn."

Föstudagur, 18. september
Friday, September 18th

Reykjavík International Film Festival Sep 17—27 2009

13:00	Óður til kvikmyndanna: Saga amerískrar kvikmyndagagnrýni	• Hellubíó
14:00	Frá torfkofa á forsíðu Time	• Hafnarhúsið
16:00	Skjannabirta: Þegar andi og efni mætast	• Norræna húsið
	Á vegum tvíkynhneigðra	• Hafnarhúsið
	Fæddur handalaus	• Háskólabíó 3
16:40	Týndur hundur / Stormur	• Háskólabíó 2
17:00	Amadeus	• Háskólabíó 1
18:00	Orð í sandinn	• Hellubíó
	Ríki bróðirinn	• Norræna húsið
	Gleymd	• Hafnarhúsið
	Mamma er hjá hárgreiðslumanninum	• Háskólabíó 3
	Hamingjusamasta stúlka í heimi	• Háskólabíó 4
18:40	Antoine	• Háskólabíó 2
19:40	Saman	• Háskólabíó 1
20:00	Hrátt	• Norræna húsið
	Börn í eldinum	• Hafnarhúsið
	Tvö á reki	• Háskólabíó 3
	Uppklapp	• Háskólabíó 4
	Sundpartý	• Sundhöll RVK
20:40	Íslenskar stuttmyndir 1	• Háskólabíó 2
21:30	Patrik 1,5	• Háskólabíó 1
22:00	Móðir Jörð	• Norræna húsið
	Kelin	• Háskólabíó 3
	Miðnæturbið 2	• Háskólabíó 4
22:20	Vafningar	• Hellubíó
22:40	Stolið: Manifestó rímixarans	• Háskólabíó 2
23:20	Slóvenska stúlkan	• Háskólabíó 1

Íslenskar stuttmyndir
Icelandic Shorts

Tveir stuttmyndaskammtar verða sýndir á hátíðinni sem báðir innihalda glænýjar myndir eftir íslenska leikstjóra. Leikstjórar stuttmynda kvöldsins sitja fyrir svörum eftir sýninguna. Á undan hvorum skammtinum um sig verða fluttar hljóðmyndir eftir íslenska dagskrárgerðarmenn.

NÝTT Í BÍÓ!

Katherine HEIGL Gerard BUTLER

the ugly truth

Uppgötvaðu ískaldan sannleikann um karla & konur. Fyndnasta rómantíska gamanmynd ársins!

LÚXUS 14

HVAÐ FÆR MANN TIL AÐ KOMA SÖKINNI Á SJÁLFAN SIG? BEYOND A REASONABLE DOUBT 16

H2 Stranglega bönnuð innan 16

INGLOURIOUS BASTERDS 16

Heimir og Gulli Bítið á Bylgjunni. BYGGÐ Á METSÖLUBÓK KARLAR SEM HATA KONUR SÍÐASTA SYNINGARHELGI 45.000 MANNS! 16

16

ÍSÖLD 3 45.000 MANNS! L

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

THE UGLY TRUTH	kl. 5.45 - 8 - 10.15	14
THE UGLY TRUTH LÚXUS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 5 - 8 - 10	16
KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 5 - 6.30 - 8	16
ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL	kl. 3.45	L
ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 3.45	L

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919

17. - 27. september
Miðasala hafin í Eymundsson, Austurstræti.
Nánari upplýsingar á riff.is

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500

THE UGLY TRUTH	kl. 6 - 8 - 10	14
FINAL DESTINATION	kl. 6 - 8 - 10	16

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

THE UGLY TRUTH	kl. 5.45 - 8 - 10.15	14
BEYOND REASONABLE DOUBT	kl. 5.40 - 8 750 kr.	16
INGLORIOUS BASTERDS	kl. 6 - 9 750 kr.	16
HALLOWEEN 2	kl. 10.20 750 kr.	16
KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 6 - 9 750 kr.	16

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI

SÝNINGARTÍMAR

THE UGLY TRUTH	kl. 4, 6, 8 og 10	12
THE FINAL DESTINATION 3D	kl. 10	16
INGLORIOUS BASTERDS	kl. 6 og 9	16
ÍSÖLD 3 - ÍSLENSKT TAL	kl. 4	L
MY SYSTERS KEEPER	kl. 3.50 og 6	12

frá framleiðandanum PETER JACKSON kemur ein besta mynd þessa árs

DISTRICT 9

- WASHINGTON POST - LOS ANGELES TIMES - HOLLYWOOD REPORTER

Frábær skemmtun – Frábær tónlist

REYKJAVIK WHALE WATCHING MASSACRE

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

DISTRICT 9	kl. 5:50 - 8 - 10:30	16
DISTRICT 9	kl. 3:30 - 8 - 10:30	VIP
BANDSLAM	kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:20	L
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 8:30 - 10:30	16
UP M/ Ensk. Tali	kl. 8 - 10:20	L
UPP M/ ísl. Tali	kl. 3:40(3D) - 5:50(3D)	L
UPP M/ ísl. Tali	kl. 3:40 - 5:50	L
DRAG ME TO HELL	kl. 10:30	16
G-FORCE M/ ísl. Tali	kl. 4	L
THE PROPOSAL	kl. 8	L
THE PROPOSAL	kl. 5:50	VIP
HARRY POTTER 6	kl. 5	10

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

DISTRICT 9	kl. 8:20 - 10:40	16
FINAL DESTINATION 4 (3D)	kl. 8:30 - 10:30	16
BANDSLAM	kl. 4	L
WHALE WATCHING MASSACR	kl. 6:15 - 8:30 - 10:30	16
UPP M/ ísl. Tali	kl. 4(3D) - 6:15(3D)	L
UPP M/ ísl. Tali	kl. 4	L
UP M/ Ensk. Tali	kl. 6:15(3D)	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

DISTRICT 9	kl 8 - 10:20	16
UP M/ ísl. Tali	kl. 5:40	L
BANDSLAM	kl. 5:40 - 8	L
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 10:20	16

HTTP://FACEBOOK.COM/BIOMYNDIR

Plasma breiðtjald

Panasonic TXP42C10
42" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD • 1024x768 punkta uppl. • 100Hz • 24p Playback • x.v Colour • Real Black Drive 20.000:1 skerpa • 3D Colour • Sub Pixel Control • HD Ready • Viera Link • Háskerpu DVB-T stafr. móttakari • SD/SDHC kortalesari • 2 x Scart • 2 HDMI • Component • CI rauf • SVHS, CVBS ofl.

LCD

Toshiba 32AV603PG
32" LCD breiðtjald • Active Vision • HD-Ready 720p • Upplausn: 1366x768p • Skerpa: 18.000:1 • Svartími: 8ms • 20w Stereó hljóðkerfi • VGA / PC • 2x HDMI • 2x Scart ofl.

JVC LT42DS9
42" DynaPix Full HD LCD breiðtjald • Super-Slim (7,4 sm) • 1920x1080 p. • Skerpa 7.500:1 • Innb. digital DVB-T móttakari ofl.

Sjónvarpstæki

Þú færð það í Max! - Ódýrt

Philips 32PFL7404H
32" LCD Pixel Precise HD breiðtjald • 1920x1080p Full-HD uppl. • 100Hz Clear LCD • 80.000:1 skerpa • HD Natural Motion • Innb. stafr. DVB-T móttakari ofl.

PHILIPS 37PFL5604H
37" LCD Pixel Plus Full HD 1080p breiðtjald • Pixel Plus HD • 50.000:1 dýnamísk skerpa • Stafrænn DVBT og DVBC móttakari ofl

Philips 42PFL3604D
42" Full-HD LCD BREIÐTJALD • 1920x1080 p uppl. • Progressive Scan • Digital Crystal Clear • Dýnamísk 30000:1 skerpa • Stafr. DVB-T móttakari ofl.

Panasonic TXP50X10
50" Plasma breiðtjald • 1366x768 p uppl. • Vreal 4 • 100Hz • 24p Playback • Real Black Drive 20.000:1 skerpa • x.v Colour • 3D Colour • Sub-Pixel Control • Progressive Scan • Viera Link • Háskerpu DVB-T stafr. mótt. • SD/SDHC kortalesari ofl.

United 19DD91HD
19" LCD BREIÐTJALD • Innb. DVD spilari • Stafr. DVB-T móttakari • 1440x900 upplausn • Nicam Stereó • Sjálfvirk stöðvaleit • HDMI • Scart, S-Video • VGA (PC) tengi • 12v og 220vum

Toshiba SDP120AKTE
12" LCD breiðtjald • Innb. DVD spilara (MP3, WMA, DivX, JPEG • Kortalesara (SD/MMC/MS) • Analog TV móttakara • Virtual Audio Surround hátölurum • AV, HDMI • Comp., Optical, heyrnartólstengi ofl.

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

> Lið 20. umferðar

Fréttablaðið hefur valið lið 20. umferðarinnar í Pepsi-deild karla. Það er skipað eftirtöldum leikmönnum: **Markvörður**: Lasse Jörgensen (Keflavík). **Vörn**: Bjarki Páll Eysteinsson (Stjörnunni), Jón Guðni Fjóluson (Fram), Daníel Laxdal (Stjörnunni), Hjörtur Logi Valgarðsson (FH). **Miðja**: Baldur Sigurðsson (KR), Jóhann B. Guðmundsson (Keflavík), Paul McShane (Fram), Valur Fannar Gíslason (Fylki), Atli Guðnason (FH). **Sókn**: Atli Viðar Björnsson (FH).

sport

sport@frettabladid.is

JÓHANN BIRNIR GUÐMUNDSSON: LEIKMAÐUR 20. UMFERÐAR PEPSI-DEILDAR KARLA

Var gott fyrir sálartetrið að vinna loks sigur

Jóhann Birnir Guðmundsson er leikmaður 20. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann var maður leiksins þegar hans lið, Keflavík, vann 1-0 sigur á Grindavík í Suðurnesjaslag á miðvikudagskvöldið.

„Þetta var ansi mikilvægt fyrir sálartetrið að vinna sigur í þessum leik," segir Jóhann í samtali við Fréttablaðið en Keflavík hafði fyrir þennan leik aðeins unnið einn leik í deildinni síðan í júní síðastliðnum. „Þótt við höfum ekki tapað nema þremur leikjum af síðustu tíu er það engan veginn nógu gott því þessi jafntefli telja svo lítið."

Þar að auki féll Keflavík úr leik í undanúrslitum bikarkeppninnar um síðustu helgi. Sigurinn á Grindavík var þó örlítil sárabót.

„Það er alltaf gaman að vinna Grindavík þegar maður er að spila með Keflavík. Það gefur þessu smá aukagildi enda alltaf sérstök stemning sem ríkir þegar þessi tvö lið mætast. Það hefði þó mátt vera aðeins meira undir í leiknum," sagði Jóhann en bæði lið sigla lygnan sjó um miðja deild, eins og oft er sagt.

Keflavík er þó í fimmta sæti deildarinnar þrátt fyrir slæmt gengi á undanförnum vikum. „Stefnan hefur verið einfaldlega sett á að vinna síðustu tvo leiki okkar í deildinni og ef það tekst eigum við ágætan möguleika á að koma okkur upp í fjórða sætið. Svo höfum við líka sett stefnuna á að vinna útivallarsigur í sumar – það hefur okkur ekki enn tekist."

Keflavík á einn leik eftir á útivelli en það er gegn Þrótti á sunnudag. Þróttarar eru þegar fallnir í 1. deildina.

„Seinni hlutinn af sumrinu hefur vissulega verið nokkur vonbrigði fyrir okkur eftir ágætan fyrri hluta. Við höfum þó misst marga menn í meiðsli í sumar en samt sem áður höfum við ekki staðið undir væntingum þegar við gátum stillt upp okkar sterkasta liði."

Jóhann Birnir hefur þurft að spila með andlitsgrímu í síðustu leikjum eftir að hann kinnbeinsbrotnaði í síðasta mánuði. „Ég fór í aðgerð og var frá í fjórar vikur eftir hana. Þetta er því spurning um öryggisatriði að vera með grímuna þó það sé ekki sérstaklega þægilegt, sér í lagi þegar það rignir eins og í leiknum gegn Grindavík," sagði Jóhann.

Metsigur á slökum Eistlendingum

Stelpurnar okkar settu nýtt met með því að að vinna tólf marka sigur á Eistlandi í gær. Margrét Lára Viðarsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir skoruðu báðar þrennu. Sjö leikmenn íslenska liðsins komust á blað.

Ísland	12-0	Eistland

Laugardalsvöllur, áhorf.: 1.776 — Hilda McDermott, Írl.

1-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (4.)
2-0 Dóra María Lárusdóttir (7.)
3-0 Margrét Lára Viðarsdóttir, víti (9.)
4-0 Katrín Jónsdóttir (16.)
5-0 Katrín Jónsdóttir (18.)
6-0 Edda Garðarsdóttir (33.)
7-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (38.)
8-0 Hólmfríður Magnúsdóttir (49.)
9-0 Sara Björk Gunnarsdóttir (54.)
10-0 Hólmfríður Magnúsdóttir (64.)
11-0 Hólmfríður Magnúsdóttir (74.)
12-0 Rakel Hönnudóttir (75.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	42–2 (25–1)
Varin skot	Þóra 1 – Meetua 14
Horn	9–1
Aukaspyrnur fengnar	7–18
Rangstöður	7–0

FÓTBOLTI Stelpurnar okkar fengu ekki mikla mótspyrnu á móti Eistlandi í undankeppni HM á Laugardalsvellinum í gærkvöldi. Mörkin urðu á endanum tólf og þetta er stærsti sigur kvennalandsliðsins frá upphafi. Íslenska liðið hafði unnið sinn stærsta sigur, 10-0, á Póllandi árið 2003 og stærsti sigur liðsins undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar var áður 7-0 á móti Grikklandi í fyrrasumar.

Margrét Lára Viðarsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir skoruðu báðar þrennu í leiknum og Edda Garðarsdóttir lagði upp fjögur markanna en annars dreifðist þetta vel og alls voru það sjö leikmenn af ellefu í byrjunarliði sem komust á blað.

Íslenska liðið byrjaði leikinn með stórsókn, fyrsta markið kom eftir aðeins 4 mínútur og eftir rétt rúmar átta mínútur var staðan orðin 3-0. Margrét Lára skoraði fyrsta markið með skalla, Dóra María bætti öðru marki við áður en Margrét Lára skoraði af öryggi úr vítaspyrnu sem Rakel Hönnudóttir fiskaði. Það var því strax ljóst að það stefndi í mjög skrautlegan leik. Það liðu reyndar sjö mínútur þar til stelpurnar bættu við marki en þá skoraði Katrín Jónsdóttir tvö skallamörk með aðeins mínútu millibili og komu þau bæði eftir hornspyrnur frá Eddu. Edda var síðan sjálf á ferðinni þegar hún skoraði sjötta markið á 33. mínútu með laglegu langskoti. Margrét Lára innsiglaði síðan þrennuna með skalla eftir fyrirgjöf frá Dóru Maríu Lárusdóttur og stelpurnar voru búnar að skora sjö mörk á fyrstu 38 mínútunum.

Hólmfríður Magnúsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir komust báðar á blað í upphafi seinni hálfleiks, Hólmfríður eftir sendingu frá Sif Atladóttur og Sara með skalla eftir fyrirgjöf frá Sif og innsigklaði síðan þrennuna með þrumuskoti eftir sendingu Ólínu Guðbjargar Viðarsdóttur.

Rakel Hönnudóttir fékk fullt af færum til að skora en markið lét bíða eftir sér og kom ekki fyrr en á 75. mínútu eftir að hún fékk góða stungusendingu frá Margréti Láru. Það átti eftir að verða síðasta markið enda þetta orðið gott.

EITT AF TÓLF Margrét Lára Viðarsdóttir og liðsmenn hennar fagna einu marka sinna í gær; þau urðu alls tólf talsins í leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikaðferð Eistlendinga var mjög furðuleg, liðið spilaði með fjóra leikmenn mjög framarlega á vellinum þrátt fyrir að boltinn færi varla yfir miðju og varnarskipulag liðsins var oft út í hött. Þessi leikur var því ekki einu sinni eins og létt æfing fyrir íslensku stelpurnar en þær héldu einbeitingunni og lönduðu flottum sigri sem tryggir liðinu góða markatölu í baráttunni um sigurinn í riðlinum á móti Frökkum.

„Þetta var léttur leikur en það þarf víst að klára þá líka og við gerðum það mjög fagmannlega í dag. Við komust í 3-0 eftir níu mínútur og leikurinn var bara búinn þá. Þetta var bara spurning um hvað þetta yrði stórt og það var jákvætt hvað við héldum áfram allan tímann. Markatalan getur skipt miklu máli en við sjáum það þegar Frakkarnir verða búnir að spila við Serbíu og Eistland hversu góð úrslit þetta eru," sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari.

ooj@frettabladid.is

Sænska úrvalsdeildin:

Eyjólfur raðar inn mörkunum

FÓTBOLTI Eyjólfur Héðinsson skoraði eitt marka GAIS sem vann 4-0 sigur á Gefle í sænsku úrvalsdeildinni í gær. Þetta var hans þriðja mark í síðustu fjórum leikjum liðsins í deildinni.

Mörk Eyjólfs hafa einnig verið mikilvæg. Hann tryggði GAIS 2-2 jafntefli við Elfsborg í síðustu umferð og skoraði svo sigurmarkið í 1-0 sigri á Helsingborg í lok ágústmánaðar.

GAIS hefur ekki tapað síðustu fimm leikjum sínum í deildinni og er nú sjö stigum frá fallsæti þegar sjö umferðum er ólokið.

- esá

EYJÓLFUR HÉÐINSSON

NÝIR LEIKIR Á BETRA VERÐI!

PS3 & XBOX 360
10.899,-
PS3

Nú geta leikmenn Rock Band seríunnar brugðið sér í hlutverk Bítlanna í nýjasta Rock Band leiknum eða Rock Band Beatles. Leikurinn inniheldur 45 af heitustu lögum Bítlanna og geta leikmenn spilað í gegnum sögu þeirra og komið þar við á þekktum tónleikastöðum. Hægt er að nota Rock Band eða Guitar Hero hljóðfæri við leikinn.

GAMERNODE 95 AF 100
PGNX MEDIA 98 AF 100

PS3, XB360, PC & PSP
10.899,-
PS3

Nýjasti leikurinn í metsöluseríunni Need for Speed. Hér er áherslan lögð á raunverulega spilun, en leikurinn inniheldur alla helstu kappaksturs- og sportbíla heimsins sem leikmenn geta notað til að þeysast um fjölmargar brautir.

IGN.COM 90 AF 100
OPM 90 AF 100

PS3 & XBOX 360
9.899,-
PS3

Nýjasti leikurinn í Guitar Hero seríunni. Langbesti leikur seríunnar hingað til, en leikurinn inniheldur 85 lög með 83 listamönnum. Leikurinn inniheldur fjöldan allan af nýjum möguleikum. Rokkið hefur aldrei verið harðara.

1UP 100 AF 100
GAME CHRONICLES 93 AF 100

„Litli pakkinn“
39.999,-
Wii, XBOX 360 & PS3

„Stóri pakkinn“
69.999,-
XBOX 360 & PS3

STÓRI PAKKINN!
Hér er á ferðinni ótrúlega vandaður hljóðfærapakki sem á sér engan líkann. Í pakkanum er að finna Rock Band Beatles leikinn, Rock Band 2 trommur, nákvæm eftirlíking af Hoefner gítar Paul McCartney og míkrafónn og standur.

LITLI PAKKINN!
Innifalið í pakkanum eru trommur, gítar og míkrafónn sem og leikurinn sjálfur. Flottur pakki á góðu verði.

BROT AF LAGALISTANUM!
I SAW HER STANDING THERE · TWIST AND SHOUT · I WANT TO HOLD YOUR HAND CAN'T BUY ME LOVE · IT'S BEEN A HARD DAY'S NIGHT · I FEEL FINE · EIGHT DAYS A WEEK · TICKET TO RIDE · BABY YOU CAN DRIVE MY CAR · SGT. PEPPER'S LONELY HEARTS CLUB BAND · WITH A LITTLE HELP FROM MY FRIENDS · LUCY IN THE SKY WITH DIAMONDS · BIRTHDAY · I'M THE WALRUS · BACK IN THE USSR · WHILE MY GUITAR GENTLY WHEEPS · HELTER SKELTER REVOLUTION · YELLOW SUBMARINE HERE COMES THE SUN · COME TOGETHER

3 FYRIR 2 !!!
AF ÖLLUM SPILUÐUM LEIKJUM!

SELDU OKKUR GÖMLU LEIKINA ÞÍNA!
ÞÚ FÆRÐ
25% AUKAÁLAG
Á LEIKINA ÚT
SEPTEMBER!

25% MEIRA!

SVONA VIRKAR GAMESTÖÐIN
1. KOMDU MEÐ GÖMLU LEIKINA EÐA LEIKJATÖLVUNA
2. SKIPTU ÞEIM UPP Í...
3. KAUPTU LEIKJATÖLVUR EÐA LEIKI Á ÓTRÚLEGUM KJÖRUM!

GAME STÖÐIN

SPILAÐU MEIRA - BORGAÐU MINNA

KRINGLAN & AKUREYRI · 553 0377

dagskrá

> Shawn Wayans

„Þegar ég var sex ára ákvað ég að verða annaðhvort frægur leikari eða útigangsmaður og það hefur aldrei neitt annað komið til greina."

Wayans leikur í kvikmyndinni Little Man sem sýnd er á Stöð 2 kl. 21.10.

VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSYNI FANN TIL ÓGLEÐI

Hvers vegna horfum við á viðbjóð

Sænskur félagsfræðingur, hann hlýtur að hafa verið sænskur, sagði eitt sinn að raunveruleikaþættir höfðuðu til svipaðra kennda og vakna með okkur þegar við keyrum fram hjá bílslysi. Fæstir hugsa um að þá langi til að horfa á en af einhverjum óútskýranlegum ástæðum hægjum við engu að síður á bílnum og svölum okkar forvitninni. Ég hélt að raunveruleikasjónvarp hefði náð botninum þegar Paradise Hotel var sýnt hér á Íslandi. Því það skelfilega sjónvarpsefni var beinlínis móðgun við þær örfáu heilasellur sem við notum þegar horft er á sjónvarp. Ekki var nú Ástarfleyið og íslenska útgáfan af Bachelor mikið skárri og því bað maður hreinlega æðri máttarvöld um að raunveruleikasjónvarpinu færi nú að linna.

En viti menn. Sennilega hafa þeir aldrei verið fleiri en akkurat núna og kaldhæðnin í þessu öllu saman er sennilega sú að þeir eru svo fáranlega óraunverulegir.

Bachelorette er alveg ágætis dæmi um þessa tálsýn sem raunveruleikaþættir bjóða upp á. Ein kona fær að velja úr 24 karlmönnum sem allir ganga með grasið í skónum á eftir henni. Hún þarf ekkert að hafa fyrir hlutunum, sprangar bara um fáklædd og bíður eftir því að hvíti riddarinn brjótist út úr hópnum. Svona svipað og þegar Hansklaufi var og hét. Og svo er dvalið í einhverri villu, siglt til afskekktrar eyjar þar sem hvítar strendur og stanslaus áfengisdrykkja brenglar öll skilningarvit.

Ég hálf vorkenni fólki sem horfir á slíka þætti og telur umhverfi af þessu tagi vera best til þess fallið að kveikja blossann. Því þegar öllu er á botninn hvolft hefur aðeins eitt par lifað Bachelor-þættina af, þrátt fyrir að þættirnir gangi út á stanslausar yfirlýsingar um hversu mikið fólk elski hvort annað.

ÓRAUNVERULEGT raunveruleikaþættir eru í raun ekkert annað óraunveruleiknn holdi klæddur.

FÖSTUDAGUR

▶ **20.00 Beauty and the Geek** STÖÐ 2

▶ **20.10 Fyndnar fjölskyldumyndir – NÝTT,** SKJÁREINN

▶ **20.15 Popppunktur, beint** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.45 Entourage** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **22.00 Fast and the Furious. Tokyo Drift** STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

15.35 Leiðarljós (e)
16.15 Leiðarljós (e)
17.00 Táknmálsfréttir
17.10 Bjargvætturinn (7:26)
17.35 Bangsímon og vinir hans
18.00 Matur um víða veröld - Kryddleiðir (Planet Food: Spice Trails) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
▶**20.15 Popppunktur** Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna úrslitaþættinum í beinni útsendingu.
21.15 Aftur á brettið (Johnny Kapahala: Back on Board) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2007. Snjóbrettagarpurinn Johnny Kapahala fer til Havaí í brúðkaup hetjunnar sinnar, afa síns. Aðalhlutverk: Brandon Baker, Jake T. Austin, Cary-Hiroyuki Tagawa og Robyn Lively.
22.50 Wallander - Tryggðabönd (Wallander: Blodsband: Tryggðabönd) Sænsk sakamálamynd frá 2006. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Aðalhlutverk: Krister Henriksson, Johanna Sällström og Ola Rapace.
00.20 Tjaldið fellur (The Final Curtain) Bresk bíómynd frá 2002. Reyndur skemmtikraftur og ungur uppskafningur keppa um hylli sjónvarpshorfenda. Aðalhlutverk: Peter O'Toole, Adrian Lester, Aidan Gillen, Julia Sawalha og Ralph Brown. (e)
01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

08.00 Catch and Release
10.00 Over the Hedge
12.00 My Best Friend's Wedding
14.00 Raise Your Voice
16.00 Catch and Release
18.00 Over the Hedge
20.00 My Best Friend's Wedding
▶**22.00 Fast and the Furious. Tokyo Drift** Framhald kappakstursmyndarinnar Fast and the Furious. Nú færist leikurinn á hraðbrautir Tókýóborgar þar sem óforskammaðir bílaþjófar láta greipar sópa.
00.00 Ultraviolet
02.00 Infernal Affairs 3
04.00 Sérafhin, un homme et son Péc
06.05 The Mother

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Flintstone krakkarnir, Litla risaeðlan, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli litli kanína og vinir.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Jamie At Home (11:13)
10.40 You Are What You Eat (2:18)
11.05 Amne$ia (7:8)
11.50 Monarch Cove (9:14)
12.35 Nágrannar
13.00 La Fea Más Bella (28:300)
13.45 La Fea Más Bella (29:300)
14.30 La Fea Más Bella (30:300)
15.25 Grumpy Old Women (3:4)
15.55 Barnatími Stöðvar 2 Saddle Club, Camp Lazlo og Kalli litli Kanína og vinir.
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 Friends (24:24)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Auddi og Sveppi
▶**20.00 Beauty and the Geek** (8:10) Fimmti hópurinn af nördum og ljóskum er mættur til leiks í æsilegri kænsku- og krúttkeppni. Markmiðið er sem fyrr að kanna hversu djúpt er á töffaranum hjá gáfnaljósinu og hvort fegurðardísin geti notað heilann í stað þokkans sér til framdráttar.
20.45 Stelpurnar (13:20) Stöð 2 endursýnir nú valda þætti af Stelpunum sem tvisvar sinnum í röð hefur verið valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaunahátíðinni. Verið viðbúin því stelpurnar ganga alla leið í grín· inu.
21.10 Little Man Grínmynd frá Wayansbræðrum sem gerðu m.a. Scary Movie, White Chick og Dance Flick. Shawn er góðhjartaður náungi sem dreymir um að eignast barn og ákveður að ættleiða eitt slíkt. Fyrir mistök fær hann smávaxinn náunga sem er gjörsamlega óþolandi.
22.45 Eyes Wide Shut
01.20 The Mean Season
03.00 American Dreamz
04.45 Friends (24:24)
05.10 Stelpurnar (13:20)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Evrópudeildin Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
16.00 Evrópudeildin Útsending frá leik Everton og AEK í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
17.40 RN - Löwen - Hamburg Bein útsending frá leik í þýska handboltanum.
19.10 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.
19.35 Timeless Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt eu þetta íþróttahetjur á sinn hátt.
20.00 La Liga Report Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
21.00 24/7 Mayweather - Marquez Hitað upp fyrir bardaga Floyd Mayweather og Marquez. 21.30 24/7 Mayweather - Marquez
22.00 24/7 Mayweather - Marquez
22.30 Ultimate Fighter Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.
23.15 UFC Unleashed Bestu bardagarnir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
23.55 World Series of Poker 2009 Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heimsæ mæta til leiks.
00.45 Poker After Dark Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

SPORT 2 *enski boltinn*

19.10 Liverpool - Burnley Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
20.50 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
21.20 Premier League Preview Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Athyglisverðar viðureignir skoðaðar og viðtöl tekin við þjálfara og leikmenn.
21.50 PL Classic Matches Leeds - Newcastle, 1999. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.20 PL Classic Matches Middlesbrough - Man Utd, 1999.
22.50 Premier League Preview
23.20 Man. City - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.20 Game Tíví (1:14) (e)
08.00 Dynasty (53:88) (e)
08.50 Pepsi MAX tónlist
12.00 Game Tíví (1:14) (e)
12.40 Pepsi MAX tónlist
18.00 Dynasty (54:88) Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar þegar þess þarf.
18.50 Yes Dear (1:15) (e)
19.15 What I Like About You (e)
19.40 Welcome to the Captain (e)
▶**20.10 Fyndnar fjölskyldumyndir - NÝTT** (1:12) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap. Kynnir þáttanna er Laddi.
20.40 Skemmtigarðurinn - NÝTT (1:8) Nýr íslenskur þáttur fyrir alla fjölskylduna. Í hverjum þætti keppa tvær 5 manna fjölskyldur í skemmtilegum leik. Þær þurfa að leysa ýmsar þrautir og sú fjölskylda sem sigrar kemst áfram í keppninni. Kynnir þáttanna er Eyþór Guðjónsson.
21.40 The Contender Muay Thai (5:15) Raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu bardagastjörnu. Áður hafa efnilegir hnefaleikakappar fengið tækifæri en nú eru það keppendur í asísku bardagalistinni Muay Thai, sem er ein allra vinsælasta útgáfan af sparkboxi í heiminum.
22.30 Law & Order. Special Victims Unit (1:19) (e)
23.20 PA´s (2:6) (e)
00.20 World Cup of Pool 2008 (16:31)
01.10 Penn & Teller. Bullshit (e)
01.40 Penn & Teller. Bullshit (e)
02.10 Pepsi MAX tónlist

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Heimastjórn stöðvarinnar, Jón Kristinn Snæhólm og Hallur Hallsson ásamt gestaráðherra.
21.00 Reykjavík – Ísafjörður – Reykjavík Seinni hluti.
21.30 Græðlingur Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

3400 - 3ja sæta kr. 323.300 l Tilboðsverð kr. 193.980
3400 - 2ja sæta kr. 295.200 l Tilboðsverð kr. 177.000

2401 - 3ja sæta kr. 324.800 l Tilboðsverð kr. 194.880
2401 - 2ja sæta kr. 310.000 l Tilboðsverð kr. 186.000
2401 - Stóll kr. 255.800 l Tilboðsverð kr. 153.480

3050 - 3ja sæta kr. 284.000 l Tilboðsverð kr. 169.000
3050 - 2ja sæta kr. 248.500 l Tilboðsverð kr. 149.000

Edge - Hornsófi 280x200 kr. 298.700
Tilboðsverð kr. 238.900 Litir: Sand og Night

LAGERSALA
Seljum eingöngu beint af lager okkar sem er aðeins opinn um helgar.
Lítil yfirbygging = betra verð
Opið um helgina
Föstudag 12 - 18
Laugardag 12 - 16

Slim - 3ja sæta kr. 169.800 l Tilboðsverð kr. 135.840
Slim - 2ja sæta kr. 132.600 l Tilboðsverð kr. 106.000

LÍNAN
Akralind 9
201 Kópavogur
Sími 553 7100
www.linan.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.20

Auddi og Sveppi

Auddi og Sveppi eru mættir aftur, hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt. Þátturinn verður með öðru sniði í kvöld og nefnist hann „Krossgötur með Auðuni Blöndal". Auðunn fylgir offituskjúklingnum Sverri Þór Sverrissyni eftir og ræðir við hann um erfiða baráttu hans við aukakílóin og fylgir honum eftir í heilsuræktarátak með stjörnuþjálfaranum Gillz. Átakanlegt gaman í Audda og Sveppa í kvöld.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

RN - Löwen - Hamburg, beint

Stöð 2 sport kl. 17.40

Þýski handboltinn verður í beinni á Stöð 2 Sport í vetur og hefst fyrsti leikurinn í kvöld. Þar verða þrír silfurdrengjanna okkar í stórum hlutverkum en Ólafur Stefánsson, Snorri Steinn Guðjónsson og Guðjón Valur Sigurðsson leika allir með Rhein-Neckar Löwen sem mætir Hamburg í leik kvöldsins.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.05 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.11 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Varist þér og varist þér
14.03 Hjarta mitt býr á götuhorni
15.03 Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
15.25 Draumaprinsinn
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Fimm fjórðu
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Óvissuferð - allir velkomnir
21.10 Hringsól
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.07 Næturtónar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

2 EXTRA

16.00 Doctors (13:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem greitt er úr flækjum í einkalífinu.
16.30 Doctors (14:25)
17.00 The Sopranos (30:39) Þrátt fyrir að hafa átt mikilli velgengni að fagna í starfi og eiga góða fjölskyldu er mafíuforinginn Tony Soprano þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægið milli vinnu og einkalífs.
18.00 Peep Show (9:12) Gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.
18.30 Doctors (13:25)
19.00 Doctors (14:25)
19.30 The Sopranos (30:39)
20.30 Peep Show (9:12)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.20 Ísland í dag
▶**21.45 Entourage** (2:12) Fjórða sería þáttaraðar um Vincent og félaga og baráttu þeirra í kvikmyndaborginni. Þrátt fyrir að hafa orðið býsna ágengt, neyddust þeir, í lokaþætti þriðju seríu, til að flytja úr villunni góðu. En stóra tækifærið gæti verið að banka upp á með Medallín, stórmynd hins kostulega Ara Gold.
22.15 NCIS (6:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi sem tengjast hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
23.00 Eleventh Hour (9:18)
23.45 Auddi og Sveppi
00.20 Fréttir Stöðvar 2
01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 Rob Brydon's Annually Retentive **12.30** Saxondale **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** Rob Brydon's Annually Retentive **15.15** Saxondale **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** Absolutely Fabulous **17.15** Doctor Who **18.00** The Catherine Tate Show **18.30** Saxondale **19.00** Rob Brydon's Annually Retentive **19.30** Absolutely Fabulous **20.00** The Jonathan Ross Show **20.50** The Catherine Tate Show **21.20** Saxondale **21.50** Rob Brydon's Annually Retentive **22.20** Absolutely Fabulous **22.50** Absolutely Fabulous **23.20** Doctor Who

DR 1

12.05 Hvor er vi landet? **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Min funky familie **15.30** Fredagsbio **15.40** Den lille prinsesse **15.50** Manda **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 09 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 09 - afgørelsen **19.55** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **20.30** School for Scoundrels **22.15** Sidste forestilling - director's cut **00.15** Seinfeld

NRK 1

12.00 NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** På fisketur med Bård og Lars **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mamma Mo og Kråka **16.10** Fjellgården i Trollheimen **16.20** Pling Plong **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Sporlost forsvunnet **21.05** Kveldsnytt **21.20** Tudors **22.10** Pop-revy fra 60-tallet **23.05** Armstrong og Miller **23.40** Country jukeboks m/chat

SVT 1

12.30 Här är ditt liv **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Anslagstavlan **15.00** Basar **15.25** Plus **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Skavlan **20.00** Fight Club **22.15** Kulturnyheterna **22.30** Panic Room

LÖGIN VIÐ VINNUNA

„Hef mikið verið að hlusta á nýjar íslenskar plötur. Þar má helst nefna nýju Hjálma-plötuna, IV, sem ég get sagt með góðri samvisku að er alveg stórskemmtileg.“

Hildur Maral Hamíðsdóttir, starfsmaður hjá Réttum, tónleikaseríu.

Útvarpskona hló alla leiðina á spítalann

„Það er mesta mildi að það var ekki bíll á eftir mér. Þá hefði getað farið miklu verr,“ segir Margrét Erla Maack, plötusnúður í Popplandi Rásar 2. Hún lenti í vespuslysi á miðvikudagskvöldið. „Ég var á leið til kærastans míns í Kópavogi – það er náttúrulega algjört bull að eiga kærasta í Kópavogi – og rann í bleytunni þegar ég var að fara niður af Hamraborgarbrúnni. Mér tókst að rétta mig af en lenti þá í öðrum polli og missti hjólið undan mér. Gott fólk kom og hjálpaði mér og svo kom löggan og sjúkrabíll. Sjúkraflutningamennirnir héldu að ég hefði vankast af því að ég hló svo mikið á leiðinni á spítalann. En ég var nú bara að hlæja af því það minnti mig svo mikið á Playmo-karla þegar þeir voru að bera mig inn í bílinn á sjúkrabörunum.“

Margrét brákaðist á ökkla og þarf að styðja sig við hækju og hún er skrámuð á hökunni. „Ég gæfi ekki mikið fyrir hausinn á mér ef ég hefði ekki verið með hjálm. Svo var ég líka í leðurbangsajakka með silíkon-hlífum úti um allt. Spegill brotnaði á vespunni og önnur hliðin á henni er hrufluð. Konurnar á bráðamóttökunni sögðu mér að þetta hefði verið annað vespuslysið á miðvikudaginn.“

SJÚKRAFLUTNINGAMENNIRNIR HÉLDU HANA HAFA VANKAST Margrét Erla Maack mætt í vinnuna eftir vespuslysið í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Margréti finnst hún berskjölduð í umferðinni á vespunni sinni. „Ég er á fermingarhjóli sem kemst ekki nema upp í 45 km hraða. Aðrir ökumenn eru oft mjög óþolinmóðir á eftir mér og margir taka lítið tillit til manns. Þetta getur verið hættuspil. Fólk sem vinnur við að aka – leigubílar og fólk á merktum bílum – er oft lítið með hugann við aksturinn og eru þeir ökumenn sem svína mest fyrir mann. Ef það er svínað fyrir mig hringi ég oft í fyrirtækin og er ógeðslega leiðinleg í símanum.“

Margrét fékk frí í gær en er mætt í Popplandið í dag eins og ekkert hafi í skorist. „Mér er samt dálítið brugðið. Ég held það þurfi smá átak að setjast aftur upp á vespuna.“ - drg



LÁRÉTT 2. nautasteik, **6.** líka, **8.** skammst., **9.** nögl, **11.** númer, **12.** glæsibíll, **14.** nasl, **16.** hæð, **17.** sigti, **18.** nagdýr, **20.** verkfæri, **21.** einsöngur.

LÓÐRÉTT 1. tónlistarstíll, **3.** kringum, **4.** fornt ríki, **5.** aur, **7.** sykurbráð, **10.** hætta, **13.** eldsneyti, **15.** steintegund, **16.** kerald, **19.** ætíð.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. buff, **6.** og, **8.** moo, **9.** kló, **11.** nr, **12.** kaggi, **14.** snakk, **16.** ás, **17.** sía, **18.** mús, **20.** al, **21.** aría.

LÓÐRÉTT: 1. rokk, **3.** um, **4.** fönikía, **5.** for, **7.** glassúr, **10.** ógn, **13.** gas, **15.** kalk, **16.** ama, **19.** sí.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síða 8

1. Yukio Hatoyama.
2. Danska ríkissjónvarpið, DR.
3. Mikael Blomkvist og Lisbeth Salander.

TOM ARMSTRONG: FERÐ FYRIR FÓLK MEÐ NÓG Á MILLI HANDANNA

Bandaríkjamenn sigla við landið á risastórri snekkju

„Við erum alltaf að leita að nýjum stöðum og margir af okkar viðskiptavinum hafa lýst yfir áhuga sínum á að sigla í kringum Ísland,“ segir Tom Armstrong, upplýsingafulltrúi bandarísku ferðaskrifstofunnar Tauck. Ferðaskrifstofan sérhæfir sig í siglingum um allan heim og er með skip á hundrað áfangastöðum. Hún er margverðlaunuð og þykir raunar fremst í sínu fagi enda fagnar fyrirtækið 85 ára afmæli á næsta ári. Ísland er nú að verða eitt af áfangastöðum þessarar virtu ferðaskrifstofu en Tauck hyggst bjóða upp á glæsilega átta siglingu við Ísland í lok júlí. Armstrong vill ekki nota orðið „lúxus“ um ferðina enda sé það orð alltof gildishlaðið og einhvern veginn bundið við rándýrar kampavínsflöskur og einhverja vitleysu. „Hins vegar er það ekkert launungarmál að þessi ferð er fyrir fólk sem hefur nóg á milli handanna,“ segir Tom. Og það má til sanns vegar færa, fargjald fyrir tvo í dýrasta herberginu kostar rúma milljón.

Farseðillinn til Íslands fyrir þá sem ætla að vera á almenna farrýminu er á tæpar 800 þúsund krónur en Tom segir allt innifalið í því verði; mat, drykki, ferðir og skatta. Til siglingarinnar verður notuð glæný, 466 feta snekkja, Le Boreal, sem tekur 264 gesti og 140 manna áhöfn. Nánast allar íbúðir snekkjunnar vísa út á haf og gestirnir hafa sínar eigin svalir. Ekki ætti heldur að væsa um gestina um borð; sundlaug, glæsilegur franskur veitingastaður, kvikmynda- og ráðstefnusalur auk líkamsræktarstöðvar og gufubaðs eru meðal þess sem gestirnir geta nýtt sér á meðan þeir sigla um hafið við Ísland.

GLÆSILEGUR FARKOSTUR Flest allar íbúðir um borð í Le Boreal hafa eigin svalir og ekki ætti að væsa um gestina sem eru um borð; sundlaug, glæsilegur franskur veitingastaður og líkamsræktarstöð eru meðal þess sem þeir geta nýtt sér á ferðinni um Ísland.

EINSTÖK FERÐ

„Ég hef ekki heyrt um svona ferð áður, að fólk sigli hringinn í kringum Ísland á snekkju,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. Hún segir þetta hljóma sem mjög skemmtileg ferð enda sé hún sjálf bara vön því að hossast um hringveginn á sínum bíl. „Annars hefur það verið að færast í vöxt að farþegaskipin stoppi á fleiri stöðum en einum á ferðum sínum til landsins og það er bara jákvætt. Við viljum að þau stoppi sem víðast.“ Erna segir að stórum farþegaskipum fjölgi ár frá ári og þannig hafi yfir áttatíu slík glæsifley komið inn í íslenska lögsögu og heimsótt eyjarskeggja. „Annars bjóðum við þessa ferðalanga bara velkomna.“

Dagskrá gestanna um borð í Le Boreal er þéttskipuð. Þeir fljúga til Íslands og dvelja fyrstu nóttina á Hilton-hótelinu við Suðurlandsbraut. Og svo er lagt úr höfn daginn eftir og haldið á Snæfellsnes. Grímsey verður síðan næst fyrir valinu, svo Akureyri, Vestfirðir, Vestmannaeyjar. Loks verða Þingvellir, Gullfoss og Geysir skoðaðir og ferðinni lýkur svo á Reykjanesskaga þar sem gestirnir geta slakað á í Bláa lóninu og skoðað Víkingaheima í Reykjanesbæ.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Brotist hefur verið í tvígang inn til **Björgvins Jóhanns Hreiðarssonar**, fyrrverandi söngvara Á móti sól, í Reykholti í Biskupstungum á undanförnum mánuði. Þjófurinn eða þjófarnir fóru undan á flótta í bæði skiptin enda er Björgvin bæði með grimman hund og þjófavarnarkefni í húsinu sínu. Mikill innbrotafaraldur hefur verið í Reykholti að undanförnu og af því tilefni héldu íbúðar á svæðinu fund í gærkvöldi til að ræða stöðu mála.

Sykursnúðurinn og vöðvatröllið **Haffi Haff** sendir frá sér nýtt lag í dag. Lagið heitir Jealousy og ku fjalla um öfund í þjóðfélagsþegnum þessa lands. Haffi sló síðast í gegn með laginu Give Me Sexy, en samstarf hans og upptökustjórans Örlygs Smára virðist ætla að verða gjöfult.

Mikil Magnúsar-Eiríkssonar-herferð er fram undan því ævisaga meistarans er væntanleg frá Sögum útgáfu. Eins og komið hefur fram skrifar sjálfur útgefandinn, **Tómas Hermannsson**, bókina og eiga lesendur von á góðu því allt er látið flakka. Strákarnir í Buff hamast nú við að taka upp plötu með lögum Magnúsar og er fyrsta lagið á leið í spilun í dag. Það er Einhvers staðar einhvern tímann aftur og fær gítarleikarinn Einar Þór Jóhannsson að spreyta sig í aðalrödd.

- fb, afb, drg

Dönum vel við Stefán Mána

„Ég veit ekkert af hverju Dönum er svona vel við mig, þeir eru bara yndislegir og það fer bara vel á með okkur,“ segir Stefán Máni rithöfundur. Danskir unnendur glæpasagna virðast hafa bundist íslenska rithöfundinum Stefáni Mána sérstökum tryggðarböndum því danska forlagið Gyldendal hefur nú samið við rithöfundinn um útgáfu á bókinni Ódáðahraun sem kom út í fyrra. Gyldendal gaf einnig út spennusöguna Skipið sem vakti mikla athygli og fékk prýðilega dóma í dönskum fjölmiðlum. Gyldendal ákvað í kjölfarið á velgengni Skipsins að gefa út hljóðbók, slík var eftirsóknin. „Ég veit ekkert hver er að lesa þetta. Kannski sem betur fer. Því einu dönsku leikararnir sem ég þekki eru Casper Christiansen og Frank Kvam úr Klovn. Og það hefði kannski ekkert komið neitt sérstaklega vel út.“

Stefán tekur þátt í hinu árlega jólabókaflóði sem nú er skammt undan og er bara að bíða eftir því að bókin fari í prentun. Um er að ræða spennusögu sem segir þó hvorki af glæpamanni né undirheimum. „Nei, hún heitir Hyldýpið, er svona reykvísk saga, segir frá tvítugum strák frá Ísafirði sem flytur á mölina. Sjónarhornið er venjulegur strákur sem lendir í óvenjulegum hlutum,“ segir Stefán og tekur skýrt fram að Hyldýpið sé laust undan oki hrunsins, það er að segja bankahrunsins. - fgg

ÓDÁÐAHRAUN TIL DANMÖRKU Gyldendal hefur tryggt sér útgáfuréttinn að bókinni Ódáðahraun eftir Stefán Mána. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Regatta
GREAT OUTDOORS®

www.utivistogsport.is

OKKAR VERÐ

OKKAR VERÐ

Verðdæmi á barnafötum

Flíspeysur 2.990,-
Softshell peysur 5.490,-
Úlpur 7.490,-
Snjóbuxur 7.490,-
Fóðraðar buxur 3.990,-
Regnbuxur 1.990,-
Flís undirföt/sett 3.490,-
Smávara ofl.ofl.

NÝJAR VÖRUR

NÝTT KORTATÍMABIL

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

BAKÞANKAR
Bergsteins Sigurðssonar

Jóhrannar

Sæl Jóhanna. Þakka þér fyrir að veita mér þetta viðtal. Ég veit að slíkt gerist ekki á hverjum degi, að minnsta kosti þegar erlendir blaðamenn eins og ég eiga í hlut. En ég verð að viðurkenna að þú lítur aðeins öðruvísi út en ég hélt.“ „Nei, þú ert að misskilja, ég er ekki Jóhanna, ég heiti Hrannar B. Arnarsson, aðstoðarmaður hennar. Láttu titilinn samt ekki blekkja þig; ég er eiginlega alveg jafn mikilvægur og hún.“ „Öh, já er Jóhanna þá á leiðinni?“ „Ja, sjáðu til, Jóhanna er sko ekki með neina fjölmiðlasýki og hleypur ekki til og brosir í hvert sinn sem hún sér myndavél. Ég sé um það.“

„ÉG skil. Er Jóhanna svona fjölmiðlafælin?“ „Nei, ég skal sko segja þér það að hún Jóhanna gefur forverum sínum ekkert eftir í þessum efnum.“ „Áttu við eins og þann sem var alltaf að hlaupa undan blaðamönnum í gegnum bílakjallara og stöðvaði sjónvarpsviðtöl ef hann var spurður út í evruna?“ „Ha, ha, þú ert ágætur. Sko, ég veit ekki hvernig þetta er hjá ykkur í Frakklandi en hér á Íslandi fá stjórnmálamenn aldrei frí. Aldrei! Og þegar maður vinnur allan sólarhringinn við að slá skjaldborg og byggja velferðarbrú, hefur maður ekki tíma til að elta ólar við alla sem vilja hitta mann.“

„ÞANNIG að Jóhanna er ekki að forðast fjölmiðla?“ „Alls ekki, enda þegar sá orðrómur komst á kreik blés hún á hann í eitt skipti fyrir öll.“ „Hvernig?“ „Ég skrifaði grein í Morgunblaðið.“ „Þú?“ „En ekki hver?“ „Nú, kannski Jóhanna.“ „Eins og ég var að skýra fyrir þér er Jóhanna mjög upptekin og ekki hægt að ætlast til að hún sé sjálf að standa í því að hrekja sögusagnir um tregðu hennar til að tala við fjölmiðla.“

„EN hvað varð til þess að Jóhanna féllst loksins á að veita mér viðtal?“ „Ja, eins og Egill Helgason benti á starfarðu á stærsta dagblaði Frakklands, talar hrafl í íslensku frá því að þú varst skiptinemi á Þingeyri eða eitthvað og viðtal við þig yrði kærkomin landkynning.“ „Landkynning? Ég er blaðamaður og ætla að spyrja gagnrýnna spurninga um efnahagshrunið og hvers vegna endurreisnarstarfið hefur gengið svona hægt.“

„JÆJA góði. Það er augljóst að þú hefur ekki hugmynd um hvernig hlutirnir ganga fyrir sig hér á Íslandi.“ „Ég fæ sem sagt ekki að hitta Jóhönnu?“ „Au contraire, minn kæri vin. Ríkið, það er Jóhanna. Og Jóhanna, það er ég.“

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 18. september 2009, 261. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	6.59	13.21	19.42
Akureyri	6.43	13.07	19.29

Heimild: Almanak Háskólans